



RISA STÓRAR smá SÖGUR





Efnisyfirlit

Formáli	4
Kristín Ragna Gunnarsdóttir	
 Ævintýravíddin	6
Ásgeir Atli Rúnarsson, 7 ára	
Veiðiferðin mikla	29
Lára Karítas Stefánsdóttir, 9 ára	
Köngulóarævintýrið	36
Andrea Ísold Jóhannsdóttir, 9 ára	
Óvenjulegur dagur	40
Valgerður Ósk Þorvaldsdóttir, 8 ára	
Fastar í tölvuleik	44
Sylvía Guðrún Sölvadóttir, 8 ára	
Ooooo-ó	46
Pórarinn Hauksson, 8 ára	
Klakastelpurnar og helgin mikla	49
Elísabet Freyja Lorenz og Herdís Askja Hermannsdóttir, 9 ára	
Lalli mús og dýrin í sveitinni	54
Sóley Rún Arnarsdóttir, 8 ára	
Covid-19 geimveran	57
Birna Dröfn Vignisdóttir, 9 ára	
Skipstjórinn Aron	60
Magnús Máni Guðnason, 8 ára	



Soffía frænka	63
Sigríður Þóra Gabrielsdóttir, 10 ára	
Töfrasteinninn	69
Dagfríður Ásta Rúnarsdóttir, 10 ára	
Elísa hin hugrakka	73
Emilía Ósk Guðmundsdóttir, 12 ára	
Töfralandið	80
Jóhann Frans, Duro Stefan, Dawid Jozef, Hilmar Freyr og Jakob Jóel, 11 ára	
Sundferðin	95
Hrafnhildur Helga Magnadóttir, 11 ára	
Þvottaherbergið	98
Haukur Snæberg Hulduson, 12 ára	
Rannsóknin	101
Sóldís Perla Marteinsdóttir, 11 ára	
Dularfulla vikin	104
Svanhvít Anna, Anna Dögg og Klara Margrét, 11 ára	
Sara kló	117
Hafdís Sif Þórarinsdóttir, 10 ára	
Illir andar.is	120
Þóra Sif Óskarsdóttir, 13 ára	



Formáli

Sögur eru kynngimagnaðar! Þær geta þeytt okkur fram og aftur í tíma, flutt okkur hinum megin á hnöttinn, út í geim eða jafnvel til ímyndaðra staða. Í sögum kynnumst við alls kyns söguhetjum, fáum að bregða okkur í allra kvikinda líki og öðlast reyslu sem er utan seilingar. Okkur gefst tækifæri til að sjá veröldina með augum annarra og frá mismunandi sjónarhornum. Sögur vekja okkur til umhugsunar um umhverfi okkar, virkja athyglisgáfuna og kalla fram sterkar tilfinningar.

Við eignumst vini í sögum og lifum okkur inn í það sem þeir eru að ganga í gegnum. Margar sögur efla samkennd, glæða áhuga okkar á lífi og menningu annarra og koma ólíkum röddum á framfæri. Þar að auki beisla sögur hugmyndir og flytja þær úr einum kolli í annan. Sögur geta líka verið haldreipi; þær leiða okkur í gegnum lífið, veita stuðning þegar á þarf að halda og gera fólki auðveldara með að tjá sig. Síðast en ekki síst eru sögur oft bráðskemmtilegar.

Sögurnar tuttugu í *Risastórum smásögum* eru fjölbreytilegar. Í þeim má m.a. finna sprittbyssu, stórhættulega tölvuleiki, mannræningja, varasama galdrápu, vofur, gráðugan ref, ævintýrademant og veiðiglaðan þabba. Frásagnargleði höfundanna er mikil



og hugarflugið óþrjótandi. En til að semja smásögu þarf líka að skapa heild og taka alls konar ákvarðanir: Hver er aðalpersónan? Hvar gerist sagan? Hvenær gerist hún? Hvernig byrjar sagan og hvernig endar hún? Við hvaða vandamál á aðalpersónan að etja? Er hún kannski að takast á við innri drauga eða jafnvel erfiðan andstæðing? Tekst henni að sigrast á honum? Eða þarf hún ef til vill að leysa einhvern brýnan vanda?

Börnin sem eiga sögurnar í *Risastórum smásögum* hafa glímt við þessar spurningar og margar aðrar með glæsibrag. Þau hafa skapað spennusögur, hryllingssögur, myndasögur, ástarsögur og ævintýri sem eru einstök. Og nú taka þessar sögur flugið til ykkar, kæru lesendur.

Njótið vel!

Kristín Ragna Gunnarsdóttir

Rithöfundur, teiknari og ritstjóri Risastórra smásagna



Ævintýravíddin

1. kafli

Benni er sjö ára strákur sem býr á Akureyri. Það er vetur, grýlukertin leka niður af þakinu og niður gluggana. Benni hefur ekkert skemmtilegt að gera þennan daginn, svo hann situr bara og horfir út um gluggann og fylgist með skrítna nágranna sínum sem er alltaf að brasa eitthvað nýtt úti í garði.

Benni sér að hann er að byggja eitthvað mjög undarlegt og verður mjög forvitinn. Þegar hann hefur fylgst með honum í svolítið langan tíma sér Benni að Gunnar nágranni sest upp í bílinn sinn og keyrir í burtu.

Nú er tækifærið komið! Benni hleypur út og beint inn í garðinn hjá Gunnari til að skoða hvað hann hefur eiginlega verið að gera. Benni hefur aldrei séð neitt þessu líkt, en það líkist geimfari ... En hvað ætti Gunnar nágranni að vera að gera með slíkt tæki í garðinum sínum?

Benni ákveður að læðast varlega inn í vélina, bara til að skoða hana aðeins betur, en skyndilega sér hann að bíllinn hans Gunnars er að renna í hlað. Benni verður skíthræddur því hann veit að hann má alls ekki vera þarna! Hann bakkar tvö skref afturábak en rekst í kóflösku sem liggur á gólfinu og dettur. „Ááái!“ segir



Benni. Hann hefur rekist í eitthvað þegar hann datt. Eitt andartak heldur hann að hann hafi fengið heilahristing því honum finnst allt hristast og hringsnúast!!!

En svo finnur hann hvað er að gerst, hann er að lyftast frá jörðinni í geimfarinu! „Óóó nei!!!!“ hrópar hann og finnur hræðsluna grípa um sig, því hann er ofsalega lofthæddur. Ekki nóg með það! Hann hefur enga hugmynd um hvernig hann á að stjórna geimfari. Hvernig í ósköpunum á hann að komast til baka?

Benni er skelfingu lostinn og veit ekkert hvað hann á að gera en fer að skoða alla takkana til að athuga hvort hann finni einhvern stop-takka. En hann finnur engan slíkan. Á sama tíma skýst geimfarið lengra og lengra upp í geiminn! Áður en hann veit af er hann kominn út fyrir sólkerfið okkar. Þá er eins og geimfarið hætti skyndilega að hreyfast! Nú gefst Benna tækifæri til að staldra við og hugsa ... Hvað á hann að gera?

Eftir nokkra stund af heilabrotum sér hann að á einum takkanum stendur hjálp! Benni hleypur að honum og ýtir á hann, þetta er hans eina von. Vonandi virkar þessi takki!! Ekkert gerist í smá stund. Hræðslan nær undirtökunum hjá Benna og hann fer að gráta. Af hverju er ég alltaf svona óhlýðinn? Af hverju var ég að fara inn í þennan asnalega garð hjá þessum asnalega nágretta? hugsar Benni.



En skyndilega byrja að heyrast skruðningar og síðan heyrir hann einhverja kunnuglega rödd koma úr hátölurunum. Þetta er Gunnar!

Benni kallar: „Hallóó, þú verður að hjálpa mér að komast til baka.“

Gunnar segir: „Núna verður þú að sýna stillingu og hlusta vel! Vélin var alls ekki tilbúin fyrir geimferðir og það er aðeins hægt að snúa henni aftur til jarðar þegar þú hefur safnað heillagripum frá öllum plánetum Ævintýravíddarinnar!“





„Ævintýravíddin? Hvað er það?“ spyr Benni.

Gunnar svarar: „Það er staðurinn sem þú ert á núna!“

„Hvað eru það margar plánetur og hvernig í ósköpunum á ég að komast þangað?“ spyr Benni.

„Þær eru: Hafmeyjuplánetan, Vélmennaplánetan, Ævintýraplánetan – sem er hjarta þessa sólkerfis eins og sólin hjá okkur. Og síðast en ekki síst er það Dimmaplánetan!“ segir Gunnar.

„En hvernig á ég að komast þangað?“ spyr Benni aftur.


Gunnar svarar grafalvarlegri röddu: „Við þurfum að vinna saman! Ég verð að gefa þér upp dulkóða sem þú slærð inn í tölvu geimfarsins. Ertu tilbúinn í fyrstu ferð geimfarsins?“

Benni svarar: „Jáhá! Allt til að komast aftur heim!“

Gunnar segir við Benna: „Farðu þá að lykklaborðinu og hlustaðu vel, sláðu inn leynikóðann: cAbbQð122W. Ferðin hefst á Hafmeyjuplánetunni og þar átt þú að finna gullsprotann.“

Áður en Benni veit af er hann búinn að slá inn kóðann og geimskipið fer aftur af stað.





Hafmeyjuplánetan

2. kafli

Benni lítur út um gluggann og sér að hann nálgast hnött sem er ekki ólíkur jörðinni nema á þessari plánetu eru engin lönd, hún er þakin vatni. Geimfarið hægir ferðina og svífur rétt yfir vatnsyfirborðinu. Dyrnar á geimfarinu opnast skyndilega og hurðin breytist í pall sem Benni getur gengið út á. Hann gengur varlega út og virðir umhverfið fyrir sér. Haf nær eins langt og augað eygir og það er algjör þögn. Benni hugsar með sér: Hvernig í ósköpunum á ég að finna einhvern heillagrip hér?

Allt í einu heyrir hann óm í fjarska, aaaaaúúúú aaaaaúúúú! Hann heyrir hvernig hljóðið færist nær og nær og tekur svo eftir því að vatnið undir dyrunum er farið að gárást. Allt í einu sér hann bleikt hár stingast upp úr sjónum. Hann verður dauðskelkaður því hann veit ekki hverju hann á von á og það eina sem hann getur gert er





að loka augunum og vona það besta. En svo heyrir hann hressilega rödd segja:

„VELKOMINN! Ég heiti Hrafnhildur og er prinsessa Hafmeyjuplánétunar. Hver ert þú og hvað ertu að gera hér?“

Benni segir henni alla sólaröguna og fer að skæla því hann finnur að hann er mjög hræddur um að komast aldrei frammar heim.

Hrafnhildur hughreystir hann og segist ætla að hjálpa honum. „Stökktu út í,“ segir hún.

„Ég þori því ekki, ég kann varla að synda og hér er ekkert land til að fara upp á!“ segir Benni.

Hrafnhildur svarar: „Hafðu engar áhyggjur.“ Hún blæs töfradufti yfir hann og segir að þetta duft geri honum kleift að anda í vatni alveg eins og á landi.

Benni hoppar út í og tekur í hönd Hrafnhildar. Hann verður að treysta henni því annars kemst hann aldrei heim. Þau synda af stað heim til hennar og hitta pabba hennar, Sæþór, sem er konungur hafsins. Benni hefur aldrei séð neitt þessu líkt, heimurinn neðansjávar er stórkostlega litríkur og landslagið eins og það sé búið til úr litaleir og gróðurinn úr glimmeri. Þegar þau hitta Sæþór, sem er risastór og sterkur hafmaður með ljóst sitt hár og gullkórónu með rauðum kristöllum, setjast þau niður og segja honum frá





gullstafnum sem Benni þarf að finna. Sæþór segir þeim að hann viti hvar þessi stafur sé. Hann sé í djúpri dimmri gjá sem er full af neðansjárleðurblökum. Benni fær hroll við tilhugsunina en veit að hann verður að gera þetta.

Hrafnhildur tekur í höndinum á honum og segir: „Við hjálpumst að.“

Þau leggja af stað með smá hnút í maganum. Þegar þau koma að gjánni sjá þau ekki í botninn því þetta er svo djúp og dimm gjá. Þau herða sig upp í þetta og synda af stað niður í óvissuna. Þegar þau eru komin hundrað metra niður mætir þeim hópur af neðansjárleðurblökum!!!

„Viiiiííhííí!“ hrópa leðurblökurnar. „Loookksssiinnss gestir!“ Þetta eru alls ekki móttökurnar sem Benni og Hrafnhildur áttu von á.

Leðurblökurnar færa þeim blómahálsmen og setja kórónu á höfuð þeirra. Þær klæða Hrafnhildi í þarakjól og Benna í þaraskikkju og gefa þeim dýrindis mat. Benni finnur hvað hann er orðinn svangur, hann hefur ekki fengið matarbita síðan snemma í morgun og núna er langt liðið á daginn. Benni segir leðurblökunum frá gullstafnum sem hann leitar að og þær flögna um og finna stafinn og spyrja:

„Ertu að meina þetta gamla drasl? Þú mátt sko alveg eiga það, við erum ekkert að nota það.“

Vá, þetta var auðvelt og alls ekki það sem Benni hafði átt von á og hann finnur hvað honum er létt. Benni og



Hrafnhildur þakka fyrir sig og segjast þurfa að drífa sig af stað því Benni þurfi að halda leiðangrinum áfram. Leðurlökurnar kveðja og biðja þau endilega að segja vinum sínum að kíkja í heimsókn.

Hrafnhildur syndir aftur með Benna í geimfarið. Þau kveðjast með knúsi og Hrafnhildur gefur honum töfraduft í poka ef hann skyldi einhvern tímann þurfa á því að halda að geta synt í vatni án erfiðis.

Vélmannaplánetan

3. kafli

Benni sendir skilaboð til jarðar og lætur Gunnar vita að hann sé kominn með fyrsta heillagripinn. Gunnar hrósar honum og segir:

„Svakalega er þetta vel gert hjá þér drengur. Ég verð að viðurkenna að ég hafði ekki trú á að þú gætir gert þetta. Þetta getur þá gengið eftir allt saman.“ Svo spyr Gunnar: „Ertu tilbúinn í næstu ferð?“

„Jáhá!“ segir Benni. „Drífum í þessu!“

Gunnar segir honum að næst sé ferðinni heitið á Vélmennaplánetuna og þar þurfi hann að finna kristalskúluna. „Ertu tilbúinn að slá inn kóðann?“

„Já,“ svarar Benni.

„Kóðinn er: WíXYd196Á.“

Og aftur fer geimfarið af stað.



Þegar geimfarið opnast á Vélmennapláneturnni er það á stóru torgi þar sem 9000 vélmenni eru saman komin og eru að dansa Macarena því það er karnival í gangi. Benni er steinhissa. Hverju er ég núna lentur í? hugsar hann.

Allt í einu heyrir hann: „Hææææ þú hér? Ég heiti Björgvin en flestir kalla mig BtveirBtveir, ég hef meira að segja heimsótt jörðina þína og lært að lesa. Síðan ég kom þaðan hefur mér aldrei verið kalt á fótunum því ég fékk gefins þessa sokka, þeir eru sjúklega hlýir.“ Svo segir hann: „Komdu með, kanntu að dansa Macarena?“

„Neiii, ég er voða lítill dansari,“ segir Benni.

„Ég lærði að lesa á jörðinni svo þú lærir að dansa Macarena hér, skilið?“ segir BtveirBtveir og þeir hlæja saman.

Þeir dansa og dansa og Benni gleymir næstum því af hverju hann er kominn hingað, hann er svo heillaður af karnivalinu. Þangað til hann sér mömmuvélmenni með lítið barnavélmenni og verður hugsað til mömmu sinnar. Hún er örugglega orðin hrædd um mig, hugsar Benni.

„Ég verð að fara drífa mig heim,“ segir Benni við Btvo.

„En fyrst verð ég að finna kristalskúluna.“

„Ég veit hvar hún er! En það er bara smááá vandamál að ná í hana,“ segir Btveir og bendir á risastóra tyggjókúluvel.

Inni í henni eru 2000 tyggjókúlur og ein kristalskúla. Til að vera öruggir um að fá hana þurfa þeir að safna




2001 x 100 krónum því það kostar 100 krónur að snúa einu sinni til að fá kúlu. Hvernig á Benni að ná að safna þessum pening og það hratt?

Hvað kann ég að gera sem vélmenni eru tilbúin að borga fyrir? hugsar Benni. Hann fær geggjaða hugmynd! Að syngja! Benni er búinn að vera í söngskóla í þrjú ár, það eina sem hann vantar er undirspil.

Btveir segir: „Það er nú minnsta mál að redda því. Hann Bíbó vinur minn kann að spila á píanó.“

Það reynist minnsta mál að halda þessa tónleika á torginu og Benni er fljótur að safna peningnum. Eftir tónleikana hefst vinnan við að snúa tyggjókúluvélinni. Þegar hann er búinn að snúa 1900 sinnum kemur kristalskúlan út. Benna er orðið illt í hendinni. Hann kveður nýju vini sína glaður og hleypur upp í geimfarið.





Dimmaplánetan

4. kafli

Benni er aftur kominn inn í geimskipið og ýtir hress og glaður á hjálp-takkann. Eftir velheppnaða leit að kristalskúlunni er hann tilbúinn til að halda áfram svo hann komist nú heim fyrir jól.

Gunnar svarar strax og segir: „Gott mál, ég var farinn að bíða eftir að heyra frá þér!“ Svo spyr hann: „Ertu tilbúinn í næsta verkefni?“

Benni svarar játandi.

Þá segir Gunnar: „Núna reynir á, Benni minn, að vera hugrakkur því næsta pláneta er Dimmaplánetan og því miður vitum við lítið annað um aðstæður þar en að þar er mikið myrkur. Þar verður þú að fanga töfraþoku í glerkrukkuna sem er í skápnum undir vaskinum á baðinu í geimskipinu. Vindum okkur í þetta! Kóðinn er: ÁcKByQQwæ986.“

Fjúmm! Geimfarið rýkur af stað aftur og á örskammri stundu er það komið lengst út í myrkrið!

Dyrnar á geimfarinu opnast og Benni sér ekkert nema myrkur. Benni finnur hvernig tennurnar glamra í munninum á honum. Hann hefur alltaf verið dálítið smeykur við myrkrið, meira að segja í sínu eigin herbergi þegar hann á að fara sofa og núna er hann einn úti í geimi á Dimmaplánetunni. Benni segir við sjálfan sig



eins og mamma hans segir oft: „Vertu GÆS! Get, ætla, skal!“ Hann herðir upp hugann og kallar út í myrkrið: „HAAALLLÓÓÓÓ!!! er einhver hérna?“ Enginn svarar.

Hann gengur varlega af stað út í myrkrið. Benni sér ekki neitt og fálmar út í loftið með höndunum. Allt í einu finna hendurnar fyrir einhverju og það hreyfist.

„Ooojjjj, hvað er þetta?“ hrópar hann.

„Oojj, er ekki dónalegt að segja það?“ heyrir spurt.

„Jú, fyrirgefðu,“ segir Benni hræddur því hann sér ekki enn þá við hvern hann er að tala. Hann spyr: „Hver ert þú og hvar ertu?“

„Ég er Valli vampíra, og er vampíra eins og kemur fram í nafninu.“

„Ooojj ...“ segir Benni aftur lágt.

En Valli heyrir það samt og segir: „Heyrðu nú mig, þú verður að hætta að vera dóni! Annars nenni ég ekki að tala við þig!“

Benni biðst afsökunar. „Ég ætlaði ekki að segja þetta. Ég heiti Benni og er kominn hingað í smá verkefni til að ná í heillagrip hér svo að ég komist nær því að komast aftur heim til jarðar.“

„Ég veit allt um það,“ segir Valli vampíra. „Frændur mínir leðurblökurnar á Hafmeyjuplánetu hringdu í mig og sögðu að þú værir á leiðinni.“ Valli tekur í hönd Benna og setur eitthvað í lófann á honum.



Benni spyr hvað þetta sé, þar sem hann sér ekki neitt í þessu mikla myrkri.

Valli segir: „Þetta eru birtugleraugu sem við lánnum vinum frá öðrum víddum þegar þeir koma í heimsókn. Þau gera þér kleift að sjá í myrkrinu.“

Benni setur upp gleraugun og öll veröldin breytir um lit! Og viti menn, hann sér að myrkraplánetan er iðandi af lífi og að þar sem hann hafði gengið um er bara spölkorn frá risa stórborg með skýjakljúfum og allskonar byggingum. Vá, það hefði verið leiðinlegt að missa af þessari sjón. Benni segir Valla að hann þurfi að finna töfraþoku og fylla krús af þoku til að komast áfram á leið sinni heim. Valli segir honum að til þess að finna töfraþoku þurfi hann að klífa fjallið Rasúal og synda yfir vatnið Mitzý. Þá komist hann yfir í hellisskúta sem heitir Haramhellir, aðeins þar sé hægt að finna töfraþoku.

Benni segir: „Eftir hverju erum við að bíða? Vindum okkur í þetta!“ Benni er búinn að sjá að hann þarf ekkert að óttast því eftir að hann byrjaði í þessari ferð er hann búinn að æfa hugrekkið svo mikið og átta sig á að hann getur gert svo margt sjálfur.

Þeir leggja á fjallið og þramma og þramma þangað til að fætarnir eru orðnir eins og brauðmolar.

En þá segir Benni: „Ég þarf aðeins að setjast og hvíla mig.“



Valli svarar: „Ég hélt að þú ætlaðir aldrei að stoppa, ég er orðinn glor hungraður!“

Benni lítur smá dapur á Valla og segir: „En við komum ekki með neitt nesti!“

„Ekki neitt nesti!“ segir Valli hissa. „Jú, heldur betur.“ Hann tekur upp teppi sem hann er með í bakpokanum sínum og kastar því upp í loft. Þegar það lendir á jörðinni er komið dýrindis hlaðborð á teppið.

„Vááá, þetta er geggjað teppi,“ segir Benni og þeir fá sér hressilega að borða.

Eftir matinn leggja þeir aftur í hann og áður en þeir vita af eru þeir komnir að vatninu Mitzy. Þetta er stærsta vatn sem Benni hefur nokkurn tímann séð og hann hugsar með sér: Ég mun aldrei ná að fara yfir þetta vatn. En svo man hann eftir töfraduftinu sem Hrafnhildur gaf honum og hann er ekki lengi að strá því yfir sig og Valla. Nú er það barnaleikur að komast yfir vatnið með hjálp töfraduftsins. Þegar þeir eru komnir upp úr þá blasir Haramhellir við þeim. Hann er frekar ógnvekjandi, kaldur og dimmur. Meira að segja birtuglæraugun virka ekki inni í honum. Þeir ganga hægt inn í hann en sjá fljótlega töfrapökuna sem er eins og venjuleg þoka nema með stjörnuljósum inni í. Benni opnar krúsina og veiðir smá þoku í hana og lokar varlega aftur.


Benni og Valli hlaupa að vatninu og strá yfir sig restinni af töfraduftinu. Síðan setur Benni krúsina inn á sig og þeir



synda eins ólympíusundmenn yfir vatnið á örskotsstundu. Þegar þeir eru aftur komnir að hlíðum fjallsins segir Valli: „Ég á eitt trix eftir!“ Hann kastar teppinu upp í loft aftur og þegar það lendir breytist það í sleða. Síðan biður Valli Benna að setjast á sleðann og þeir bruna niður brekkurnar líkt og þær væru þaktar snjó þótt þær séu það ekki. Nokkrum mínútum seinna eru þeir komnir niður að geimskipinu.

Benni knúsar Valla og segir: „Ég hefði aldrei getað gert þetta án þín.“ Svo kveðjast þeir.

Valli réttir Benna teppið góða og segir: „Mig langar að gefa þér þetta, því hver veit hvenær það gæti komið sér vel næst.“





Benni þakkar honum fyrir, því hann veit að teppið er gæðagripur.

Dyrnar á geimskipinu lokast. Benni hefur aftur samband við Gunnar sem er enn glaðari að heyra í honum núna og segir:

„Þú leynir á þér, Benni minn, þvílíkt sem þú ert duglegur að leysa allskonar verkefni. Nú er bara ein pláneta eftir. Þar þarftu að finna ævintýrademantinn og þá kemstu heim!“

„Þetta er búið að vera ótrúlega skemmtilegt en ég er orðinn dálítið þreyttur svo það er gott að það er bara ein pláneta eftir,“ segir Benni.

„Síðasti kóðinn er: 289YbQW2ÁB6H,“ segir Gunnar. Og aftur fer geimskipið af stað!

Ævintýraplánetan

5. kafli

Þetta er nú búið að vera meira ævintýrið og ég er ekki einu sinni kominn til Ævintýraplánetunnar! Hverju skyldi ég eiga vona á hér? hugsar Benni. Hann finnur hvernig geimfarið lækkar flugið og stöðvast. Dyrnar opnast. Rauður dregill hefur verið lagður fyrir framan geimfarið og stór kanína, í mittisjakka og með úr, bíður eftir honum.

„Velkominn Benni. Ég hef verið að bíða eftir þér. Ég mun vera farastjórinn í þessari ferð og leiða þig í gegnum



Ævintýraplánetuna í leitinni að ævintýrademantinum. Fyrst hittum við fyrir hann Gosa litla. Hann er í vanda sem hann þarf aðstoð við að leysa. Drífum okkur, við erum orðnir of seinir,“ segir kanínan og lítur á úrið.“

Þorpið sem Gosi býr í er lengst inni í skógi sem heitir Ævintýraskógur. Gosi er í ógurlegum vandræðum. Hann er byrjaður að ljúga aftur og nefið farið að stækka. Íbúar Ævintýraskógar eru orðnir svolítið þreyttir á þessu skröki og nenna ekki að vera með honum. Því er Gosi einn og hálf einmana þegar Benni kemur.

Benni segir: „Hvað segir þú, Gosi minn? Hvað get ég hjálpað þér með?“

Gosi svarar ekki og á sama tíma lengist nefið. „Ok, ok, ég er lygasjúkur!“ segir Gosi.

Þeir spjalla saman og komast að því að ástæðan fyrir því að Gosi er alltaf að plata er sú að hann langar svo að eiga fleiri vini og er að búa til sögur svo hann hljómi meira spennandi. Í sameiningu komast þeir að því að til þess að gera hlutina betri er best að biðjast afsökunar og segja bara satt. Að hann þurfi bara smá hjálp við að eignast vini og læra að leika við aðra án þess að plata. Um leið og þeir spjalla við fólk og Gosi biðst afsökunar minnkar nefið og Gosi eignast fleiri vini.

Skyndilega birtist kanínan aftur og segir: „Áfram, áfram, við erum orðnir of seinir!“



Benni kveður Gosa og minnir hann á að sannleikurinn sé alltaf bestur!

Næst á Benni að hitta Hans og Grétu. Þau eiga líka í smá vanda. Þau eru löngu laus frá vondu norninni en Hans hélt áfram að borða eins mikið af óhollum mat og hann gerði í búrinu hjá norninni og er orðinn svaka feitur. „Hvað get ég gert? Hann Hans vill ekki borða minna og hangir bara í tölvunni!“ segir Gréta.

Benni kann sko ráð við þessu: „Í hvert sinn sem þú vilt borða eitthvað og það er ekki matartími, passaðu þá að velja hollan kost eins og ávexti, epli, banana, ber eða eitthvert grænmeti.“ Svo segir Benni frá reglu á sínu heimili. „Ef maður fær einn klukkutíma í tölvu þá þarf maður að vera einn klukkutíma úti að leika á móti. Þannig skapast jafnvægi.“ Hann segir að þá muni Hans ganga betur og líða betur.

Hans og Grétu finnst þetta vera frábærar hugmyndir og þakka fyrir hjálpinu. Aftur birtist kanínan. Í þetta sinn á Benni að hitta Gullbrá og hann leggur af stað.

Gullbrá og Litli Björn eru að rífast því Gullbrá vill alltaf borða grautinn hans Litla Björns og liggja í rúminu hans og er búin að brjóta stólinn hans.

Benni segir: „Þetta gengur náttúrliga ekki svona. Við skulum byrja á að laga stólinn hans Litla Björns, síðan skulum við smíða annan fyrir Gullbrá. Eftir það verðum við að útbúa rúm fyrir Gullbrá líka, þá þarf hún ekki að



vera að leggjast í rúmið hjá Litla Birni og síðast en ekki síst elda nóg af graut fyrir alla.“

Benni er orðinn úrvinda af að gefa öll þessi góðu ráð og hann er virkilega farið að langa að komast heim. Hann spyr kanínuna hvað sé næst?

„Þú hefur staðið þig vel. Þú ert búinn að leysa þau verkefni sem lágu fyrir. Nú er þér boðið í konungshöllina að hitta kónginn og drottninguna. Þau bíða spennt eftir þér. Drífum okkur,“ segir kanínan sem allaf er að flýta sér.

Höllin er risastór og ævintýrlega falleg enda ekki við öðru að búast á Ævintýrplánetu. Allir helstu íbúar plánetunnar eru mættir til að heilsa upp á Benna: Lína Langsokkur ásamt litla kalli, Froskaprinsinn, Öskubuska, Mjallhvít og auðvitað dvergarnir sjö, Trölllið sem stal jólnum, Ljóti andarunginn og fleiri og fleiri. Þetta er svaka partí!

Allt í einu slær þögn á hópinn og inn ganga konungshjónin. Þau halda smá ræðu og segja gestunum frá afrekum Benna, hvernig hann, einn síns liðs, sé búinn að fara á milli pláneta í Ævintýravíddinni og leysa allstaðar verkefni og eignast vini og koma vel fram. Og að í þakklætisskyni langi þau til að gefa honum ævintýrademantinn sem er það síðasta sem hann þarf til að komast aftur heim til sín. Konungurinn endar ræðuna sína á því að segja:

„Hver veit nema að sagan um ferðalag Benna um



Ævintýravíddina muni síðar verða sígilt ævintýri hér hjá okkur á Ævintýraplánetu en það mun tíminn leiða í ljós.“

Benni finnur hvernig honum hlýnar í hjartanu og hann þakkar kærlega fyrir sig. En nú er kominn tími til að halda heim á leið og Benni er meira en til í að hitta fjölskylduna sína. Kanínan fylgir honum aftur í geimfarið, kveður hann og óskar honum góðrar ferðar. Benni fer inn og ýtir á hjálp-takkann og kemst í samband við Gunnar geimfara.

Hann segir með kökk í hálsinum: „Ég er búinn, ég er búinn að ná í allt sem ég þarf. Nú get ég komið heim!“

Gunnar svarar: „Það er rétt, þú ert búinn að vera ótrúlega duglegur. Nú er það ekki kóði sem mun koma þér aftur heim, heldur samsetning á heillagripunum. Röðin er svona: Fyrst er það gullstafurinn, síðan kristalskúlan, þar á eftir setur þú töfraþokuna og mundu





að taka lokið af krúsinni. Og síðast en ekki síst er það ævintýrademanturinn en þá þarft þú að hafa hraðar hendur því annars gufar töfrabokan bara upp!“

Benni hlustar vel á fyrirmælin og raðar saman hlutunum. Hann er með ævintýrademantinn kláran þegar hann opnar krúsina með töfrabokunni og skellir honum strax ofan á. Samstundis er eins og hlutirnir læsist saman, þeir mynda töfrasprota sem snýst í hringi og lendir í höndunum á Benna. Geimfarið tekst á loft og svífur aðeins hægar en vanalega. Nú getur Benni notið þess að horfa út um gluggann og virða fyrir sér útsýnið yfir alla þessa áður óþekktu vídd og fylgst með hvernig hann svífur í áttina til jarðar aftur. Á fólk eftir að trúa honum? Hann trúir varla þessum ævintýrum sjálfur!

Heimkoman

6. kafli

Nú er geimskipið alveg að koma að jörðinni og hann sér garðinn hans Gunnars. Þegar hann kemur enn þá nær sér hann að mamma hans og pabbi og amma og afi eru komin út í garð til Gunnars. Geimfarið snertir mjúklega jörðina. Hurðin opnast og áður en hann veit af eru mamma og pabbi komin inn. Þau taka hann upp og knúsa hann fast.

Mamma hans segir: „Elsku barnið mitt, við vorum svo hrædd um að við myndum aldrei sjá þig aftur.“



Benni hlær og segir: „Ég var stundum hræddur um það líka.“ Hann roðnar smávegis.

Þau ganga saman út og allir fagna Benna eins og rokkstjörnu, það sem hann er ánægður með að vera kominn aftur heim. Mamma og pabbi bjóða öllum inn og Gunnari geimfara líka. Þau setjast við borðstofuborðið og Benni segir þeim alla sólarsöguna. Allir eru sammála um að þetta hafi verið meiriháttar ævintýri!

Allt í einu segir Benni: „Ég er samt orðinn svolítið svangur.“

Mamma svarar: „Guð, auðvitað. Ég sem er ekki búin að fara í matarbúð og á ekkert til. Ég hafði svo miklar áhyggjur að ég komst ekki einu sinni út í búð!“

Þá hrópar Benni: „Ég get bjargað því!“ Hann tekur upp töfrateppið frá Valla og sveiflar því. Og töfrum líkast er aftur komið hlaðborð á teppið. „Það var nú ekki alslæmt að fara í þessa ferð,“ segir Benni og allir hlæja.







Veiðiferðin mikla

Jæja, þá var loksins komið að því að fara með fjölskyldunni í veiðiferðina sem pabbi var búinn að tala um í allan vetur. Ég dreif mig á fætur. Pabbi var stórskrítinn, ég held hann hafi verið búinn að drekka hundrað kaffibolla. Hann hljóp um allt hús að leita að allskonar drasli. Ég veit ekki hvað pabbi og mamma voru að setja í bílinn en það var ekkert pláss eftir fyrir neina dúkku sem mig langaði að taka með. Alex bróðir fékk ekki að taka bolta með, hann er nefnilega fótboltasjúkur og er að æfa með sjöunda flokki. Pabbi sagði æstur: „Það er ekki tími fyrir dúkkuleik eða fótboltaleiki. Þetta er veiðiferð en ekki dúkku og fótboltaferð.“





Loksins voru allir komnir í bílinn og við lögðum af stað. Mér fannst þessi ferð taka allan daginn og ég hélt að við værum búin að keyra í hundrað klukkutíma. Þegar ég var búin að spyrja pabba og mömmu áttatíu sinnum hvort við værum ekki að verða komin, þá sagði pabbi loksins að það væru tíu mínútur í veiðihúsið.



Ég, Haukur, María og Alex hlupum um húsið til að velja okkur herbergi. Pabbi setti saman veiðidraslið sitt.

Mamma var ekki hálfnuð með að búa um rúmin þegar pabbi vildi að við drifum okkur út í á. Ég skildi ekki

allt þetta stress. Pabbi var stórfurðulegur. Þegar við komum loks út í á mátti ég ekki labba hvar sem var. Hann var alltaf að góla: „Ekki þarna þú skemmir veiðistaðinn.“



Við drógum einhverja slímuga og ógeðslega ánamaðka upp úr fötu og tróðum þeim á einhvern boginn krók. María gargaði,



henni fannst þetta ferlega ógeðslegt. Pabbi stóð stjarfur og lét okkur kasta til skiptis. Þegar Alex var að veiða byrjaði stöngin að bogna og pabbi öskraði: „Hann er á! Náðu í mömmu!“



Alex barðist við stöngina.

Pabbi öskraði: „Hann er risi!“

Mamma var að missa sig á myndavélinni og deyja úr spenningi.



María spurði: „Hvernig fiskur heldurðu að þetta sé?“

„Þetta er lax,“ gólaði pabbi.

Alex náði að tosa laxinn upp úr ánni.

Pabbi var skríttinn og alveg óður. Hann bankaði í hausinn á laxinum. En það var enn skríttara sem pabbi bað Alex um að gera. Hann átti að bíta einhvern flipa af fisknum og það var ekki einu



sinni búið að elda hann. Pabbi útskýrði að þar sem þetta væri fyrsti laxinn kallist það að fá maríulax og þá bítur maður veiðiuggann af. Loks var þessi fyrsti veiðidagur búinn.



Pabbi keyrði eins og brjálæðingur í myrkrinu til þess að drífa sig að elda lambaskankana. Það er uppáhaldsmaturinn minn. Þegar ég og Alex fórum að sofa gerðist eitthvað og við heyrðum allskonar skrítn hljóð. Við litum út um gluggann og sáum ref. Við vorum skíthrædd og sofnuðum ekki fyrr en um miðja nóttina.

Þegar við vöknudum var pabbi löngu farinn út að veiða. Eftir morgunmatinn kom hann að sækja okkur, við þurftum að reyna að veiða meira. Það var ískalt og við horfðum á pabba sveifla veiðistönginni fram og aftur meðan við sátum inni í bíl. Síðan var komið hádegi og þá var komið að því að fara í sund.





Við höfðum aldrei farið í sundlaug þar sem við vorum alveg ein. Það var einhverskonar Kórónuveiki í gangi og allir voru skíthræddir við að fara út. Við systkinin ímynduðum okkur bara að þetta væri einkasundlaug. Enda höguðum við okkur eins og heima hjá okkur. Það voru tvær risa rennibrautir og við fórum örugglega þúsund ferðir.

María og Haukur þorðu ekki að fara í rennibrautirnar, sérstaklega María, því hún er bara fimm ára og ósynd. Haukur er svo mikill mömmulíngur, hann kann heldur ekki að synda því hann er þriggja ára. Aftur þurftum við að drífa okkur af stað upp í veiðihús og út í á. Mamma gólaði: „Þetta er eins og að vera í fullri vinnu, maður er alltaf að drífa sig eitthvað.“

Pabbi var skríttinn að draga okkur út í á því það var ógeðslega kalt og rigning. Þegar við vorum að deyja úr kulda var allt fast hjá Maríu. Þetta var eitthvað stórskrítið. Við drógum inn eitthvað glitrandi járndrasl. Pabbi var hissa og sagði að við hefðum veitt tóby spún. Hann skildi ekkert í því vegna þess að það var bannað að veiða á spún þarna. Þá var komið að mér og í fyrsta kasti bognaði stöngin og hann var á. Þetta var ekki eins stór fiskur og bróðir minn fékk. Ég var glöð að fá fisk. Pabbi sagði að þetta væri sjóbirtingur.

Það var komið að lokadeginum. Pabbi náði einhvern veginn að troða öllu draslinu aftur í bílinn og fiskarnir



komust líka. Við systkinin vorum í könglaleit. Ég kveið rosalega fyrir að fara að keyra í hundrað klukkutíma. Þegar við vorum hálfnuð stoppuðum við og fengum okkur ís.



Mig langar að fara aftur en ég vona að þá verði pabbi öðruvísi. Ég ætla að ná að veiða fyrsta laxinn þá en ég hlakka ekkert til að bíta flipann af laxinum sem ég veiði.





veidi ferðin

Mikla

Góðan dag öll sömum!

Kæri Lesandi: Þessi saga
er mjög einstök því að
þessi saga gerðist við
mig í allföru. Og veistu
það að þá samskreitti
þessa bók er besta
vinkona mín hún
Ailija Dreksa. Og Já
áður en ég gleymi
er þroskari á hverri
mynd

reyndu að finna
hann ☺



Köngulóarævintýrið

Það er ósköp venjulegur laugardagur og ég og Embla erum að leika í herberginu mínu eins og við gerum mjög oft. Mamma og pabbi fóru með systur mína til Reykjavíkur og þess vegna er ég ein heima. Við erum í mjög skemmtilegum leik í Lego friends þegar ég tek skyndilega eftir því að



eitthvað lítið og svart skriður upp vegginn. Ég verð strax svolítið hrædd af því ég veit ekki alveg hvað þetta er. Ég ákveð samt að vera hugrökk og fara nær til að sjá þetta betur. Um leið og ég kem að veggnum sé ég hvað þetta er. Þetta er KÖNGULÓ! Sú allra ljótasta og ógeðslegasta könguló sem ég hef á ævi minni séð. Hún er kolsvört með rauðar línur á bakinu, mjög loðnar lappir og gul útstæð augu. Ég hrekk við og bakka ósjálfrátt frá um leið og ég fæ svakalegustu gæsa húð sem ég hef á ævi minni fengið. Embla veit ekkert hvað er í gangi en hún sér hvað ég er skelfingu lostin og verður sjálfkrafa hrædd líka. Ég er hálf stjörf af ótta og kem ekki upp einu orði en ég bendi með hægri vísifingri í átt að skordýrinu á veggnum. Embla áttar sig fljótt og bakkar eins hratt og hún getur út í horn.



Ég fylgi í fótspor hennar en hef ekki augun af ógeðinu. Við stöndum síðan þarna tvær saman í horninu dauðskelkaðar og æpum eins hátt og við getum. Ég veit að það þýðir ekkert að standa bara þarna og öskra svo ég ákveð að reyna að vera jafn hugrökk og Katniss Everdeen. Ég hleyp fram á gang og gríp það fyrsta sem ég sé sem er þykk bók sem ég gleymdi að ganga frá í gær. Ég flýti mér svo aftur inn í herbergi og BÚMM ... lem köngulóna með bókinni.

En þá gerist nokkuð hræðilegt og alveg óvænt. Köngulóin stækkar og er allt í einu orðin jafn stór og köttur! Þetta er alveg skelfilegt. Risastór og ógeðsleg





könguló á stærð við pattaralega kisu klífrar upp vegginn í herberginu mínu og opnar og lokar munninum aftur og aftur eins og hún sé að gera sig tilbúna til að éta okkur. Án þess að gefa mér tíma til að hugsa hleyp ég niður stigann til að sækja símann minn og hringja í mömmu. Ég titra af hræðslu og augun eru svo full af tárurum að ég á erfitt með að sjá á skjáinn. Þegar ég er að bíða eftir að mamma svari kemur köngulóin skríðandi niður stigann og nú er hún orðin enn þá stærri. Hún hreyfir sig hratt og er með Emblu vinkonu mína í munninum! Ég verð enn hræddari og öskra hátt og á sama augnabliki svarar mamma símanum. Ég hef engan tíma til að heilsa henni heldur garga í símann að hún eigi að hringja strax í 112 því það sé hræðileg risakönguló að ráðast á okkur og ætli að éta okkur. Svo skelli ég á án þess að kveðja, enda er athygli mín öll á ófreskjunni sem ég vil alls ekki að komi nær. Mig langar til að hlaupa burt en ég veit að ég verð að reyna að bjarga Emblu. Án umhugsunar gríp ég hækjuna hans pabba og lem eins fast og ég get í bakið á loðna skrímslinu. Við það hrekkur Embla úr munninum á því og ógeðið minnkar aftur í upprunalega stærð. Ég sé að köngulóin er ekki dauð en hún er kyrr, eins og hún sé hálf hrædd við mig, svo ég fer úr inniskónum mínum, geng að henni og krem hana með skósólanum. Við það steindrepst kvikindið og ég plokka það undan skónum, opna svaladyrnar og hendi því út á gras.



Síðan setjumst við Embla í sófann og kveikjum á þætti til að horfa á meðan við róum taugarnar. Stuttu síðar kemur mamma æðandi inn og tveir hugrakkir lögreglumenn á eftir henni. Mamma er æst og í uppnámi og löggan fer strax að leita um allt hús að hræðilegu mannætuköngulónni. Við sitjum sallarólegar í sófanum og fylgjumst með þeim og þegar þau koma öll til okkar og vilja útskýringar þá skiljum við bara ekki neitt. Við hristum hausinn og sannfærum alla um að það sé bara allt í góðu. Mamma spyr að lokum um hræðilegu risaköngulóna og þá svara ég: „hvaða könguló?“



Óvenjulegur dagur

Ástrós er átta ára stelpa sem býr í Reykjanesbæ og æfir fimleika. Hún er að græja sig fyrir æfingu. Hún er í bláa bolnum sínum með bleiku hjörtunum sem hún elskar mest og svörtum nike buxum. Ástrós er næstum alltaf í nike buxum því mamma hennar er svo hrifin af nike fötum og kaupir eiginlega bara nike föt fyrir Ástrósu. Ástrós ákveður að vera í nýja fimleikabolnum sem amma á Spáni gaf henni í afmælisgjöf síðast.

Hún labbar á æfingu og vonast til að hitta einhverja stelpu sem er líka að fara á fimleikaæfingu því henni finnst hundleiðinlegt að ganga ein alla leiðina. Einu sinni þegar hún var að labba á æfingu hitti hún mjög furðulegan mann. Hann sat á stól á gangstéttinni rétt hjá fimleikahúsinu og var að spila á munnhörpu. Hann reyndi að segja eitthvað við Ástrósu þegar hún nálgadist en hún skildi hann ekki og þorði ekki að koma of nálægt honum. Svo sá hún að hann var með hatt við fæturna á sér sem sneri á hvolfi. Ofan í honum voru nokkrir smápeningar. Hún ákvað að setja 10 krónu pening sem hún átti í vasanum ofan í hattinn og dreif sig svo í burtu. Furðulegi maðurinn hrópaði eitthvað á eftir henni, eins og hann væri að þakka henni fyrir, en hann var tannlaus og það var erfitt að skilja hann.



Einu sinni fannst henni líka að svartur bíll væri að elta hana. Hún sá hann nokkrum sinnum á leiðinni og henni fannst hann keyra mjög hægt fyrir aftan hana. Svo var hún líka svolítið hrædd við unglingana sem hún hitti stundum á leiðinni. Bróðir hennar, Arnór, hafði eitt sinn lent í því að unglingarnir fóru að stríða honum vegna þess að hann var með gleraugu. Þeir kölluðu hann gleraugnaglám og báðu um að fá að prófa gleraugun hans. Hann var skíthræddur og þorði ekki að segja nei. Það endaði með því að gleraugun hans rispuðust öll og beygluðust. Mamma þeirra þurfti síðan að kaupa handa honum ný gleraugu.

En í dag hittir Ástrós engan á leiðinni á æfingu og það gerist heldur ekkert furðulegt eða óþægilegt. Fimleikaæfingarnar byrja alltaf á mikilli upphitun, þá þurfa allir í hópnum að hlaupa marga hringi til að hita upp líkamann. Í þetta sinn á að hlaupa fimm hringi í kringum fimleikahúsið því veðrið er svo gott. Kennarinn vill að allar stelpurnar fái nóg af súrefni í líkamann til að þær hafi mikinn kraft og góða einbeitingu á æfingunni. Í fimleikum er nefnilega mikilvægt að hafa góða einbeitingu og taka vel eftir. Ef maður er ekki að einbeita sér er mikil hætta á að maður slasi sig og það vill enginn lenda í því.

Reyndar er ein stelpa í hópnum sem elskar að láta eitthvað vera að sér. Hún heitir Lilja. Lilja er alltaf að reyna að vera slösuð og gerir rosa mikið drama úr næstum engu. Það eru allir orðnir hundleiðir á vælinu í henni. Sem betur



fer hefur hún aldrei slasað sig alvarlega því það myndi enginn trúa henni. Einu sinni mætti hún meira að segja með sárabindi utan um höfuðið á æfingu. Hún sagðist hafa rekið hausinn svo fast í skáphurð heima hjá sér að hún væri með risastóran skurð og því þyrfti hún að vera með þetta sárabindi en það trúði henni auðvitað enginn.

Það er mjög gott að æfingin í dag byrjar á útihlaupi því Ástrós svaf illa síðastliðna nótt og er þreytt. Útiveran hjálpar henni að halda sér vakandi. Síðan er farið á tvö áhöld. Annað þeirra er tvíslá og þar er terra helst æft. Terra er þegar maður heldur með báðum höndum í rána og sveiflar sér í hring upp á hana. Til að geta gert terru þarf maður að vera sterkur í höndunum og maganum. Meðan Ástrós er á tvíslá með helmingi hópsins er hinn helmingurinn á öðru áhaldi sem kallast stökk. Á stökki er mest verið að æfa arabastökk og framflikk. Ástrós er fegin að lenda ekki í hóp með Bryndísi. Bryndís er bekkjarsystir hennar og vill vera aðal manneskjan alls staðar þar sem hún er. Hún vill alltaf vera fyrst í röðinni og ýtir þeim frá sem eru komnar í röðina á undan henni.

Í lok æfingarinnar fær allur hópurinn að fara saman á stóra trampólínið og gera frjálst út í gryfjuna. Þegar það er frjálst finnst Ástrósu skemmtilegast að gera skrúfu út í gryfjuna. Þegar æfingin er alveg að verða búin er Ástrós orðin mjög þreytt. Hún ákveður að stökkva út í gryfjuna,



liggja þar í svömpunum og gleyma sér aðeins. Áður en hún veit af er hún sofnuð.

Þegar hún lítur upp eru allir farnir og æfingin löngu búin. Það er búið að slökkva öll ljósin og læsa fimleikahúsinu. Ó nei! Ástrós er mjög hrædd, hún liggur alveg kyrr í gryfjunni og þorir ekki að hreyfa sig neitt. Hún heyrir bank frammi á ganginum. Eftir nokkra klukkutíma í gryfjunni ákveður hún að læðast fram og gá hvaðan hljóðið kemur. Hún fer fram og kemur auga á skugga innst inni á ganginum. Þegar hún kemur nær sér hún að þetta er maður vafinn í hvítt sárabindi um allan líkamann alveg eins og múmía. Maðurinn snýr bakinu í hana svo hún sér ekki framan í hann.

Hún gengur rólega í áttina að honum og segir hljóðlega: „Hver ertu?“

Þá snýr múmían sér snögg við og öskrar eins og brunabjalla sem hljómar um allt húsið.

Við það hrekkur Ástrós upp og vaknar. Þetta var sem betur fer bara draumur. Þegar hún fattar það er hún glöð en ákveður að drífa sig upp úr gryfjunni. Stelpurnar eru allar farnar að góla á hana og spyrja hvort hún ætli að vera þarna að eilífu.

Þegar Ástrós kemur heim eftir fimleikaæfinguna ákveður hún að fara snemma að sofa svo hún verði ekki jafn þreytt aftur á næstu æfingu.



Fastar í tölvuleik

Einu sinni voru tvær stelpur sem hétu Ása og Sól. Ása átti einn bróður sem hét Kári og hann elskaði tölvuna sína og átti mjög erfitt með að slíta sig frá henni. Hann átti meira að segja erfitt með að komast í skólann út af tölvunni. Stelpurnar reyndu oft að fá Kára með út að leika en Kári vildi aldrei koma út að leika, hann var fastur í tölvunni. Kári hlýddi ekki þegar hann átti að slökkva á tölvunni.

Stelpurnar fóru til hans og sögðu honum að hann þyrfti að hlýða mömmu sinni og slökkva á tölvunni. Ása kallaði á mömmu sína og sagði henni að Kári væri ekkert að hlusta og ætlaði ekki að fara út að leika. Stelpurnar stilltu sér upp við hliðina á tölvunni og þá soguðust þau allt í einu, öll þrjú, inn í tölvuna. Þar voru allir að skjóta hver á annan og stelpurnar hlupu út um allt til að komast í skjól. Kári var á fullu að skjóta á stelpurnar og gerðu þær allt sem þær gátu til að komast undan honum.


Á meðan stelpurnar og Kári voru föst í tölvuleiknum var mamma Ásu og Kára að leita að krökkunum en fann þá hvergi. Hún var orðin mjög áhyggjufull. Hún leitaði út um allt hús en sá svo tölvuna í herberginu hans Kára og ákvað að taka einn leik á meðan hún var að bíða eftir krökkunum. Henni fannst þetta mjög skemmtilegur tölvuleikur. Þegar hún var byrjuð í leiknum sá hún allt



Í einu Ásu, Sól og Kára inni í leiknum. Hún varð mjög hissa. Allt í einu slökknadi á tölvunni og hún gat ekki kveikt á henni aftur. Hún brunaði með tölvuna í viðgerð en náði ekki fyrir lokun.

Hún fór heim og borðaði ein kvöldmat og sendi tölvupóst til mömmu Sólar og spurði hvort Sól mætti gista hjá þeim, sem hún mátti. Hún vaknaði snemma næsta morgun og fór með tölvuna í viðgerð. Það tók þrjár klukkustundir að ná krökkunum út úr leiknum með hjálp viðgerðarmanna. Það var erfitt að finna börnin í leiknum þar sem þau voru búin að fela sig. Kári var líka mjög glaður að komast út úr leiknum og lofaði að spila minna af tölvuleikjum og leika meira úti með stelpunum.

Endir.





Ooooo-ó

Einu sinni var ég að leika með Hákonni vini mínum. Það var eins og hann gæti lesið hugsanir mínar, hann var svo skemmtilegur! Í eitt skiptið vorum við í sjóræningjaleik og ég hugsaði: Mig langar að hafa þennan leik með aðeins sterkari sögu og aðeins meiri spennu. Þá stakk Hákon upp á því!

Það var eitt skrýtið. Alltaf þegar ég spurði hvort við ættum að fara heim til hans, þá sagði hann nei. Við vorum þess vegna alltaf úti.

Einn daginn gat ég ekki fundið Hákon neins staðar.

Ég spurði kennarann:

- Hvar er Hákon?

- Hákon? Hver er Hákon? sagði hann.

- Hvað, veistu ekki hver Hákon er? spurði ég.

- Neeei, sagði kennarinn.

Ég spurði eins marga krakka og ég fann en flestir sögðu bara:

- Hver er Hákon?

Ég var ruglaður, hissa og svo leiður.

Eftir skólann fór ég að leita á stöðunum þar sem Hákon var oftast. Í garðinum, í trjákofanum okkar og eins langt og ég mátti fara án þess að mamma mín kæmi með.



Það eina sem ég fann voru vettlingarnir hans. Ég kíkti á miðann til þess að vera viss – en þar stóð nafnið mitt.

Ég skildi það ekki.

Þetta voru alltaf vettlingarnir hans Hákonar. Eða voru þeir það?

Ég lokaði augunum, opnaði þau aftur og las miðann. Enn þá bara mitt nafn.

Ég fór að leita að fleiri vísbendingum um að Hákon væri ekki bara skugginn minn.

Ég leitaði að fína timburbátnum sem hann bjó einu sinni til. Við geymdum hann í trékofanum, svo ég setti stefnuna þangað.

Ég fór í skógin, klifraði upp stigann, opnaði hlerann en þar var ekki einu sinni sögin sem Hákon notaði.

Þá fór ég heim. Ég byrjaði að hugsa hvort þetta væri bara rugl í mér. Þá kom einhver skrýtin tilfinning í magann.

Ég knúsaði stærsta bangsann minn og hugsaði um hvernig ég gæti fundið Hákon.

Það var kominn matur. Ég náði varla að koma ögn ofan í mig. Foreldrar mínir spurðu hvað væri að en ég sagði að það væri allt í fína.

Ég var orðinn sannfærður um að Hákon væri ekki til.

Ég fór að sofa. Þá birtist skrýtin sýn. Í draumi mínum sá ég Hákon.



-
- Halló, sagði Hákon og brosti.
 - H-Halló, sagði ég. Hvar varstu?
 - Í ímyndun þinni, sagði Hákon blíðlega.
Ég var ringlaður en það útskýrði mikið.
 - Eigum við að leika, á meðan við erum hér?
spurði Hákon.
 - Já!
- Eftir það hitti ég Hákon í draumum mínum.



Klakastelpurnar og helgin mikla

- Pabbi, hækkaðu í útvarpinu! sagði ég.
- Já, það verður að hækka. Þetta er Fm957!
sagði Freyja.

Eftir langa bið hækkaði hann loksins í útvarpinu.
Æ, ég gleymdi að kynna mig. Ég heiti Askja og Freyja er besta vinkona mín og við erum báðar níu ára. Við vorum að fara í sumarbústaðinn með pabba og þriggja ára systur minni til að gista eina helgi.

- Loksins erum við komin! sagði ég.
- Við erum búin að bíða í hálf tíma, sagði Freyja.
Þegar við komum inn í bústaðinn var sjóðandi heitt, eða það fannst mér. En þegar ég sá Freyju var hún skjálfandi af kulda.

- Er þér svona heitt? spurði hún.
- Já, ég er alveg að stikna. Ég myndi fara í hlýrri föt,
sagði ég.

- Allt í lagi, sagði Freyja og gerði það.
Þegar við vorum búnar að vera smá stund í bústaðnum stakk pabbi upp á að fara út. Við þurftum að bíða eftir Láru, litlu systur minni, þegar við vorum komin í útifötin. Hún er alltaf voða stjórnsöm. Því næst fórum við í göngutúr sem pabbi stjórnaði, ásamt Láru auðvitað. Við brutumst í gegnum trén sem virtust ætla að faðma



okkur og vorum að gefast upp þegar við komum að læk. Frosnum læk.

Við hlupum eins og fætur toguðu og byrjuðum að brjóta ísinn með spýtum sem við höfðum fundið á leiðinni. Eftir smá stund byrjaði Freyja meira að segja að hoppa á ísnum. Þá byrjuðum við öll að hoppa á ísnum. Svo fórum við að kanna svellið. Þar skautuðum við lengi lengi þar til við komum að hættulegu svæði! Það var stórt gil sem klaki lá yfir, ef klakinn brotnaði gæti maður dottið ofan í gilið. Freyja lét það ekki stoppa sig. Hún fann risastóran klaka og henti honum á svæðið þar sem gilið var. Þá kom mikill hvellur, okkur brá mjög mikið og hluti af klakanum yfir gilinun brotnaði.

Þá skoraði pabbi á okkur að komast yfir hættusvæðið. Það var stór áskorun svo við ákváðum að takast á við hana daginn eftir. Við töluðum um það alla leið heim hvað áskorunin væri hættuleg og hvað hvellurinn hefði verið hár.

Þegar við komum aftur í bústaðinn kveiktum við upp í arninum. Þetta fallega vetrarbláa kvöld settumst við í sófann fyrir framan arininn og horfðum á glóandi heitan eldinn. Við töluðum um atburði dagsins og hvað okkur fannst skemmtilegast. Að því loknu fórum við pabbi að elda kvöldmat. Freyja passaði Láru á meðan.

- Pabbi, ég er handviss um að það eigi að vera pipar í réttinum, sagði ég.



- Ertu viss um það? spurði pabbi.
- Já, handviss! sagði ég.
- Allt í lagi, setjum pipar á réttinn á eftir, sagði pabbi þá.
- Okei, sagði ég.

Þegar rétturinn var tilbúinn fengu allir sér sæti. En þegar við tókum fyrsta bitann var hann svo sterkur að við drukkum næstum allt vatnið.

- Þetta er allt of mikill pipar! sagði Freyja.

Eftir þessa máltíð fórum við að spila. Við spiluðum ekki lengi af því að Lára þurfti að fara að sofa. Þegar Lára var búin að bursta tennurnar og komin í náttfötin vildi hún að við færum líka í háttinn. Það langaði okkur ekki! Við þurftum samt að lifa við það og þykjast fara í háttinn. Það tók langan tíma. Á meðan var pabbi bara að horfa á fréttir í símanum sínum.

Eftir langan tíma var Lára loksins sofnuð og við fengum að horfa á Netflix þangað til við fórum að sofa.

Næsta dag vöknudum við snemma og töluðum um áskorunina. Við ætluðum sko að standast hana en til að gera það þurftum við að vera sterkar. Við byrjuðum á að gera þrekæfingar til að verða sterkari. Ekki leið á löngu þar til Lára vaknaði. Við vorum tilbúnar að komast yfir hættulega klakann. Við fengum okkur morgunmat og lögðum svo af stað keyrandi í átt að klakanum. Þegar bíllinn kom á klakann brotnaði klakinn á mörgum stöðum og ég fékk svo mikið sjokk að ég fór út úr bílnum.



Við þurftum að ganga dálítinn spöl yfir klaka til að komast að hættusvæðinu. Til að skemmta okkur á leiðinni byrjuðum við að hoppa öll saman og syngja klakalagið. Svo löbbuðum við lengra í átt að hættulega gilinu og brutum klaka með spýtunum okkar á leiðinni. Allt í einu vorum við komin á hættusvæðið. Við horfðum hvor á aðra og sögðum:

- Við getum þetta!

Þegar við vorum komnar hálfu leið yfir gilið var klakinn orðinn svo þykkur að við náðum ekki að brjóta hann með spýtunum. Þá tók Freyja alla litlu klakana af stóra klakanum og við ákváðum að skríða afganginn af leiðinni. Ég var næstum komin yfir þegar klakinn undir mér





brotnaði skyndilega en samt bara lítill bútur. Ég rétt náði að halda mér í bergið við hliðina á mér og toga mig upp og þannig komst ég á leiðarenda. Freyja fór sömu leið og ég og komst líka alla leið. Þá var áskoruninni lokið og við fögnuðum hátt.

Í verðlaun fyrir að standast áskorunina fengum við ís á leiðinni heim.

- Þetta var skemmtilegasta ferð sem ég hef upplifað! sagði ég.

- Sammála því! sagði Freyja. En ég verð að viðurkenna að þetta er versta súkkulaðisósa sem ég hef smakkað!

Og þá skelltum við báðar upp úr.

Endir.



Lalli mús og dýrin í sveitinni

Lalli mús bjó í sveit ásamt fjölskyldu sinni. Lalli var ævintýragjarn og hafði mjög gaman af að kanna heiminn og hitta vini sína í sveitinni. Í sveitinni áttu heima allskonar dýr. Þar voru kýr, svín, hænur, hestar, hundur, köttur músafjölskylda og ein rotta. Þar var líka refur sem kom stundum í heimsókn, sérstaklega þegar hann var svangur. Bóndinn á bænum var ekki svo glaður að fá Rebba ref í heimsókn því hann vildi éta hænurnar.

Dag einn fór Lalli mús á kreik. Hann hitti Palla rottu sem hafði alltaf svo margar skemmtilegar sögur að segja. Palli var líka alltaf í svo góðu skapi en eftir að þeir voru búnir að spjalla saman og fá sér mjólkurdreitol þurfti Palli að fara að vinna í garðinum sínum. Lalli mús hélt áfram sína leið og hitti næst Gullu hænu sem var úti í garðinum sínum að vökva blómin. Gullu þótti svo óskaplega vænt um blómin sín og svo var ilmurinn af þeim alveg dásamlegur. Gulla hæna bauð Lalla mús upp á nýbakaðar smákökur og ískalda mjólk sem hún fékk frá Kollu kú. En Gulla hæna bjó til bestu smákökurnar í sveitinni. Þegar Lalli var búinn að gæða sér á gómsætu smákökunum þakkaði hann Gullu hænu kærlega fyrir sig og hélt áfram sína leið. Lalli mús var svo saddur eftir heimsóknina til Gullu hænu að hann ákvað að leggjast aðeins í grasið og



jafna sig eftir þessa dýrindis veislu. Þegar Lalli mús var búinn að jafna sig kíkti hann í heimsókn til Kollu kú sem var að gæða sér á fersku grasinu.

Kolla kú sagði: „Muuuu gaman að hitta þig, Lalli minn. Á hvaða leið ertu þú?“

„Tja ... ég er bara að svipast um eftir dýrunum hérna í sveitinni.“

„Má nokkuð bjóða þér upp á mjólkursopa,“ sagði Kolla kú en Lalli mús var enn saddur eftir heimsóknina til Gullu og afþakkaði gott boð.

Leiðin lá næst til Gurru svíns. Hún var alltaf svo fyndin og pínulítið skrýtin, sérstaklega þegar hún var að róta í moldinni. En hún gerði það þegar hún var svöng. Þá var hún að leita sér að rótum, ormum og skordýrum til að éta. Nú var sólin farin að setjast og tími til kominn að halda heim á leið. Á leiðinni heim rakst Lalli mús á Rebba ref sem var óskaplega svangur og hafði ekki borðað í marga daga. Rebbi refur gleypsti Lalla mús í heilu lagi og lagði sig svo hjá tré einu.

Þar sem Lalli mús hafði ekki skilað sér í kvöldmatinn fór músafjölskyldan að hafa áhyggjur af honum. En Lalli mús hafði aldrei misst af kvöldmatnum. Músafjölskyldan fór því að leita að honum. Þau spurðu öll dýrin í sveitinni hvort þau hefðu hitt Lalla mús. Öll höfðu þau hitt hann og báru honum söguna vel. Nú fóru músafjölskyldan og dýrin að leita saman að Lalla mús. Þau komu svo auga



á Rebba ref sofandi við tré með útbelgdan magann. Þau grunaði strax að Rebbi refur hefði átt þátt í hvarfi Lalla músar. Músapabbi hljóp því sem fætur toguðu heim til músafjölskyldunnar og náði í stærsta músahnífinn sinn. Þegar hann kom til baka skar hann kviðinn upp á Rebba ref og út kom Lalli mús ásamt nokkrum fuglum. Síðan fylltu þau maga Rebba af steinum og saumuðu hann svo saman. Eftir að heim var komið var haldin stórkostleg veisla þar sem öllum dýrunum var boðið nema Rebba ref. Rebbi refur lét sér þetta að kenningu verða og át aldrei aftur mýs eða fugla.



Covid-19 geimveran

Kalla var bara tíu ára gömul en var samt ofurhetja sem bjargaði fólki undan Covid-19 veirunni. Foreldrar hennar voru bæði ofurhetjur og þegar þau dóu fékk Kalla máttinn. Einn góðan sumardag þegar sólin skein yfir alla borgina lá Kalla í rúminu sínu þegar síminn hringdi. Það var útkall frá konu. Ég verð að fara og bjarga þessari konu, hugsaði Kalla. Hún fór í búninginn sinn og hljóp af stað. Þá fattaði hún að hún hafði gleymt einhverju. Ó nei! Hún gleymdi grímunni og sprittbyssunni. Hún hljóp til baka og skaust aftur af stað.

Þegar Kalla var komin á staðinn sá hún fína konu uppi í glugga sem kallaði á hjálp. Þetta er hún, hugsaði Kalla. Risa Covid-19 veira var að reyna að brjóta húsið til að ná konunni og smita hana. Þá flaug Kalla að og sprittaði hana alla. Síðan tók Kalla konuna og hljóp með hana í burtu. Þá byrjaði kórónavírusinn að minnka og varð bara að grænni klessu. Köllu fannst þetta ógeðslegt. Oj, hugsaði hún, henni var orðið hálf flökurt af þessu.

Kalla var alveg búin á því þegar hún hafði bjargað konunni og var komin heim. En þegar hún var búin að hvíla sig í pínustund kom annað útkall. Það var lítið barn sem var í vanda. Kalla var alveg miður sín þegar hún frétti þetta. Hún hljóp af stað. Á leiðinni rakst hún





á kött sem var fastur uppi í tré en hún hafði ekki tíma til að bjarga kettinum vegna þess að hún ætlaði að bjarga barninu fyrst því það var í miklu meiri hættu. En þegar hún var komin þá var ekkert barn. Það var verið að plata mig, hugsaði Kalla og flýtti sér til baka til að bjarga kettinum. Svo fór hún bara heim að horfa á sjónvarpið og hvíla sig eftir að hún var búin að bjarga kettinum.

ENDIR.



Skipstjórinn Aron

Einu sinni var strákur sem hét Aron. Hann var tólf ára og bjó í Garðinum. Honum fannst skemmtilegt að búa í Garðinum og hann lék sér mikið úti við vini sína. Þeir voru oft úti að veiða og í sjónum þegar ekki var flóð. Aron sá stundum fullt af bátum úti á sjó þegar hann var að veiða. Einn daginn ákvað hann að byrja að safna fyrir bát, hann langaði að verða sjómaður. Báturinn kostaði eina milljón og hann var bara með 200 krónur. Eftir þrjú ár var hann kominn með milljón. Hann var búinn að bíða ógeðslega lengi.

Aron var mjög glaður þegar hann loksins fékk bátinn. Hann og pabbi hans fóru með kerru til Reykjavíkur að kaupa bátinn. Þeir keyptu gamlan bát frá gömlum karli og þurftu að laga hann áður en þeir fóru út á sjó. Þeir voru í eitt ár að laga bátinn. Fyrst þurftu þeir að taka allt drasl úr honum og hreinsa hann og setja fullt af nýjum spýtum á gólfíð og úti á þilfarið. Síðan þurftu þeir að skipta um vél og setja nýtt skipstjórahús. Svo þurftu þeir að mála allan bátinn upp á nýtt.

Loksins kom dagurinn þegar þeir gátu farið út á sjó á nýja bátnum að veiða. Aroni leið rosalega vel og hann var mjög spenntur, allur líkaminn titraði. Veðrið var gott, það var sól en smá úði. Þeir sigldu í átt að



Garðskagavita, slöktu á vélinni og byrjuðu að veiða með veiðistöngunum sínum. Eftir tvo klukkutíma ætluðu þeir að fara af stað en pabbi hans gat ekki sett í gang. Hann kíkti á vélina og reyndi að gera við hana en það virkað ekki. Svo reyndi hann aftur að kveikja og það tókst næstum því en krafturinn var of lítill. Þá sigldi báturinn bara sjálfur áfram og rakst á steina sem komu upp úr sjónum á einum stað. Það var ekki gott því þegar báturinn rann frá steinunum kom hola í hann og sjórinn fyllti bátinn. Feðgarnir þurftu að vera fljótir að ákveða hvað þeir ættu að gera. Svo fattaði Aron að þeir þyrftu að blása upp björgunarbátinn og taka blysið með. Þeir voru eldsnöggir og eftir smá stund voru þeir farnir frá sökkvandi bátnum og sátu klesstir saman í mjög litlum björgunarbát. Þá kom grenjandi rigning en þeir skutu blysinu upp og vonuðu að björgunarsveitin myndi koma.

Maður sem var að vinna í björgunarsveitinni í Garðinum sá blysið og hringdi í björgunarsveitina og hún kom á spíttbátnum sínum. Þegar björgunarsveitin kom og fann þá voru þeir kaldir og Aron var mjög hræddur. Hann var líka mjög leiður því hann var búinn að safna í þrjú ár fyrir bátnum og var í eitt ár að laga hann. Aron var mjög glaður að björgunarsveitin bjargaði þeim. Þegar þeir komu í land stóð mamma hans grátandi á bryggjunni. Aron hljóp í fangið á henni og fór líka að gráta. Þau voru glöð að fara öll saman heim.



Næsta dag þegar Aron fór í skólann sagði hann öllum bekknum sínum frá þessu ævintýri. Afi Arons átti bát og Aron ákvað að fara einhvern tímann aftur út á bát með honum. Kannski myndi hann seinna safna sér fyrir nýjum bát. Aron langaði að verða skipstjóri.



Soffía frænka

Hæ.

Ég heiti Rut, er ellefu ára gömul og hef æft á klarinett í fimm ár. Ég á mömmu og pabba en engin systkini og er því einkabarn. Ég á eina stórbilaða frænku sem er móðursystir mín. Hún heitir Soffía og ég kalla hana oftast Soffíu frænku. Við förum sjaldan öll í heimsókn til hennar en mamma og pabbi setja mig oft í pössun til hennar þegar þau fara á fótboltaleiki. Mér hefur aldrei þótt sérlega gaman að fara í pössun til Soffíu frænku en það er þó skárra en að þurfa að þvælast með mömmu og pabba á þessa hundleiðinlegu fótboltaleiki.

Í gær átti ég að fara til Soffíu frænku. Hún býr á Gili, Borgarvegi 1 í Njarðvík. Mér þótti hún sko vera vvvvveerrsta frænka í heiminum! Mamma og pabbi voru að fara á fótboltaleik og ég mátti ekki fara með vinkonum mínum í klarinett partý.

Við vorum í bílnum þegar Soffía frænka kom út á götu. Mömmu brá svo mikið að hún öskraði yfir sig. Ég hélt að við værum að fara að lenda í bílslysi en sem



betur fer gerðist ekkert. Soffía frænka vinkaði eins og brjálaður bavíani hún var svo spennt að sjá mig. En ég var ekki jafn spennt að sjá hana. Mamma og pabbi töluðu við Soffíu frænku og ég fór inn að setja dótið mitt inn í herbergið. Soffía frænka kvaddi mömmu og pabba og þau keyrðu í burtu. Soffía frænka kom inn og fór að horfa á fréttirnar. Ég spurði hvort ég mætti horfa á sjónvarpið en þegar hún svaraði ekki fór ég aftur inn í herbergi og bjó um mig.

Þegar hún kallaði „MATUR“ brá mér svo mikið að ég pissaði næstum því í mig. Auðvitað var það sama í matinn og venjulega: súpa með gúmmíböngsum, káli, ristudum baunum og agúrku. Hún er ekki besti kokkur í heimi. Súpan var á litinn eins og æla. Sem betur fer á Soffía frænka hund sem heitir Tómas. Tómas fékk alla súpuna sem honum fannst lystug og jafnvel betri en bein. Ég hélt að allir hundar elskuðu bein meira en allt.

Eftir matinn þurfti ég að fara að bursta, hátta og upp í rúm að sofa. Í morgun vaknaði ég og fór fram í eldhús. Ég var viss um að Soffía frænka væri þar að fá sér kaffi og lesa Morgunblaðið en það var engin Soffía í eldhúsinu. Ég leitaði að henni um allt hús en fann hana hvergi. Þegar ég kom aftur inn í eldhús fann ég bréf á eldhúsborðinu.



Reykjanesbær, 15. október 2020

*Ef þú vilt sjá Soffíu Aðalsteinsdóttur,
lífefnaverkræðing og vísindakonu, aftur á lífi
þarft þú að koma með 10 milljónir króna í
beinhörðum peningum í svartri ferðatösku og
skilja hana eftir fyrir utan Skessuhellinn kl. 00.00
á miðnætti í kvöld, laugardag. Annars fer illa
fyrir henni og þú sérð hana aldrei aftur.*

Ekki hringja á lögregluna!!

Ræningjarnir.

Ég var hrædd. Eg óttaðist um Soffíu frænku. Þótt mér fundist hún vera vvvveeeeeerrrssta frænka í heimi! Hvað hafði komið fyrir hana? Hverjir höfðu rænt henni? Hvað átti ég að gera?

Tómas stóð á gólfinu við hliðina á mér og ýlfraði. Mér datt þá eitt snjallt í hug. Ég lét Tómas þefa af bréfinu í von um að hann gæti þefað uppi lyktina af ræningjunum sem rændu Soffíu frænku. Tómas þefaði og þefaði. Svo rauk hann af stað með trýnið klesst niður í jörðina. Hann var greinilega búinn að finna einhverja slóð. Ég hljóp



á eftir honum, hoppaði í skó og greip jakkann minn á leiðinni út. Ég gleymdi meira að segja að loka dyrunum almennilega á eftir mér.

Þegar ég var komin niður að höfninni í Njarðvík stoppaði Tómas við eitthvað. Þetta var bútur úr uppáhaldsklútnum hennar Soffíu frænku! Ég tók hann upp og andvarpaði af örvæntingu. Hvar var hún? Eftir stutt stopp vildi Tómas halda áfram. Hann var farinn að minna á ekta lögregluhund.

Ég hljóp á eftir honum þar sem hann æddi áfram eftir strandleiðinni í áttina að Keflavík. Við hlupum og hlupum og Tómas þefaði eftir lykt Soffíu frænku. Við stoppuðum ekki fyrr en við komum að Skessuhellinum. Sjórinn var spegilsléttur og litlu bátarnir í smábátahöfninni rugguðu rólega í takt við andvarann.

Við Tómas röltum í átt að hellinum sem stóð opinn. Hann var mannlauus og frekar dimmur og draugalegur. Tómas stoppaði í smástund fyrir utan og horfði á mig, svo löbbuðum við bæði inn í hellinn. Þegar inn var komið heyrðist ekkert nema drungaleg hljóð úr Skessunni. Tómas labbaði hringinn og þefaði um allt þar til hann stoppaði við stóran stein í veggnum. Hann beindi trýninu einbeittur að steininum eins og hann væri að reyna að sýna mér leynileið inn í vegginn. Þegar ég kom nær og horfði betur sá ég eitthvað undarlegt ljós. Í bíómyndum og bókum er alltaf einhver takki til að ýta á sem opnar leynidyr svo ég



ákvað að prófa. Ég ýtti og ýtti á alla steinana en ekkert gerðist. Eftir margar tilraunir gafst ég upp, settist niður og grét. Mér fannst ég hafa brugðist. Á meðan hafði Tómas verið að hoppa upp á steinvegginn með framloppurnar og allt í einu opnuðust dyr á veggnum. Hann hafði fundið leynidyrnar. Hinum megin við þær var dimmur stigi sem lá lengst niður í jörðina. Við Tómas hlupum niður og ég rann í tröppunum og hrópaði svo hátt að það bergmálaði inn eftir göngunum. Þá heyrði ég í tveimur mönnum segja: „Heyrðirðu þetta?!“

Ég varð hrædd og reyndi að finna stað til að fela mig. Þegar ég leit í kringum mig sá ég glufu í veggnum á ganginum svo ég þreif í Tómas og við földum okkur þar. Við heyrðum mennina koma nær og nær. Þeir voru nánast beint fyrir framan nefið á okkur en sáu okkur samt ekki þar sem við földum okkur vel og þorðum varla að anda. Í sömu andrá og þeir ætluðu að snúa aftur til baka inn göngin byrjaði Tómas að sýna tennurnar og urra. Ég sussaði á hann en hann hlustaði ekki.

Allt í einu sleit Tómas sig lausan frá mér, óð í áttina að mönnum og beit þá í rassinn. Þeim brá svo hræðilega að þeir skullu hart saman með hausana, steinrotuðust, féllust í faðma og duttu á gólfið, annar ofan á hinn. Ég stökk yfir þá og við Tómas hlupum áfram. Þegar við vorum komin lengra inn dimmu göngin sá ég glitta í varðeld og þar við sat Soffía frænka. Hún var bundin bæði á höndum



og fótum. Ég rak upp gleðióp og við hlupum til hennar. Þegar við vorum búin að leysa hana föðmuðumst við innilega. Meira að setja Tómas líka. Svo tókum við til fótanna.

Þegar við komum út fórum við beint til lögreglunnar sem handsamaði mannræningjana tvo. Við Soffía frænka fórum heim og fengum okkur heitt kakó. Svo komu mamma og pabbi að sækja mig. Við Soffía frænka gerðum lilla putta loforð um að við myndum halda þessu litla ævintýri bara fyrir okkur tvær. Já, og auðvitað Tómas líka. Soffía frænka er besta frænka í heimi eftir allt saman.

ENDIR.



Töfrasteinninn

Í litlum bæ úti á landi búa systkinin Gunnar og Lísa. Gunnar er tólf ára með svart hár og blá augu. Lísa er ellefu ára með ljóst hár og blá augu. Bærinn sem þau búa í heitir Steinavík og liggur við fallegan fjörð. Í Steinavík eru margar fallegar fjörur sem Gunnar og Lísa fara oft í að tína skeljar og steina.

Dag einn voru systkinin saman úti að ganga í fjöru fyrir neðan húsið sitt. Þegar þau höfðu gengið lengi kom Lísa auga á eitthvað glitrandi í fjarska. Þau gengu nær til þess að sjá hvað það væri. Þegar þau náguðust sáu þau að þetta var stór kristalsteinn. Þau voru mjög forvitin um þennan stein og litu hvort á annað. Gunnar spurði Lísu hvort þau ættu að taka steininn heim. Lísa tók steininn upp og við það söguðust þau í annan heim.

Gunnar og Lísa æptu í kór. Hvert voru þau komin? Þau skildu ekkert hvað var í gangi. Alls staðar í kringum þau voru lítil hús og pínulitlir álfar sem stöðdu á þau. Allt í einu ráku álfarnir upp risaöskur og hlupu í allar áttir. Allir nema einn pínulítill álfur sem stóð eftir. Hann var með rautt krullað hár, var í smekkbuxum og með gleraugu sem voru eiginlega stærri en andlitið á honum. Hann horfði á Gunnar og Lísu og sagði hátt og snjallt:

„Hæ, ég heiti Rúnar. Þið eruð mjög skrítn tröll!



Ekki jafn skítug og önnur tröll og aðeins minni. Hér í Kristalborg eru allir hræddir við tröll.“

Þá sagði Gunnar: „En við erum ekki tröll, við erum manneskjur.“

„Það er nú ekki betra,“ sagði Rúnar.

„Ha, af hverju segir þú það?“ sagði Lísá hissa.

„Nú, þið hendið svo miklu rusli í náttúrunni og stundum fer það í sjóinn og það sogast í okkar heim. Heimurinn okkar er nefnilega undir fjörunni.“

Gunnar og Lísá horfðu hvort á annað og sögðu: „En við gerum það ekki.“

„Með því að gera ekki neitt þá lagast það ekki,“ sagði Rúnar.

Þegar álfarnir, sem höfðu hlaupið í burtu, sáu að Lísá og Gunnar voru ekki venjuleg tröll byrjuðu þeir að koma úr felum.

Þeir hópuðust í kringum þau og hlustuðu þegar Rúnar útskýrði hversu slæmt það væri fyrir alla að rusl væri í náttúrunni. Gunnar og Lísá lofuðu að þau myndu hjálpa þeim og útskýra fyrir öllum í Steinavík hversu slæmt þetta væri. En hvernig gátu þau komist heim til þess?

Álfarnir útskýrðu fyrir þeim að steinninn sem þau fundu í fjörunni hefði ekki átt að vera þar. Hann hafði farið upp í gegnum göng af því að það var svo mikið af rusli sem ýtti honum út. Til þess að komast aftur heim þyrftu þau að finna fjólubláa kristalsteininn og setja hann í holu á miðju



torgi í Kristalborg. Tröllin hefðu tekið hann og þau þyrftu að passa sig á þeim.

Gunnar og Lísu drifu sig af stað. Steinninn var falinn í risavöxnu kristaltré. Þau höfðu aldrei séð jafn fallett og glitrandi tré. Fjólublái steinninn skar sig úr enda lang stærstur og mest glitrandi. Lísu klifraði upp í tréð. Um leið og hún var komin að steininum byrjaði jörðin að skjálfa.

Í því öskraði Gunnar: „TRÖLL, TRÖLL! Það er risatröll að koma!“

Lísu tók steinninn og dreif sig niður til Gunnars. Tröllid byrjaði að elta þau í átt að skógi. Þar sáu þau stóran runna með berjum á og Rúnar litla sem var að háma í sig ber í stað þess að fela sig fyrir tröllinu. Þau réttu Rúnari steinninn og sögðu honum að fela sig inni í runnanum. Um leið og hann skreið inn í runnann kom tröllid og reif Gunnar og Lísu upp á öxlunum.

„Hvar er steinninn? HVAR ER STEINNINN?“ gargaði tröllid.

Þau reyndu að sannfæra tröllid um að þau vissu ekkert hvað það var að tala um. Tröllid horfði á þau og sagði svo: „Ég ætti kannski að éta ykkur. En það er bara svo vond lykt af ykkur að ég get það ekki.“

Rúnar laumaðist út úr runnanum og hljóp eins hratt og hann gat með steinninn að miðbænum. Þegar hann nálgast holuna sá hann tröllid á hlaupum á eftir sér. Það var með systkinin í sitthvorri hendinni. Rúnar skutlaði



sér í átt að holunni og henti steininum í hana. Um leið og steinninn lenti í holunni missti tröllið Gunnar og Lísu. Þau hurfu frá Kristalborg og rönkuðu við sér í fjörunni í Steinavík. Þau horfðu undrandi hvort á annað eins og þau tryðu ekki að þetta hefði gerst.

Á leið sinni heim sáu þau mikið af plasti og rusli í fjörunni. Þau ákváðu að gera eitthvað í þessu. Gunnar og Lísa gengu í hús í Steinavík og hvöttu bæjarbúa til þess að hugsa betur um náttúruna. Þau skipulögðu dag þar sem allir komu saman og tíndu rusl í fjörunni og bænum. Svo grilluðu þau pulsir og höfðu gaman.

Nú geta Rúnar og allir í Kristalborg lifað góðu lífi ásamt öllum í Steinavík.

ENDIR.



Elísa hin hugrakka

Einu sinni var karl sem hét Baltasar og hann var að kenna 7. bekk. En hann átti sér eitt lítið leyndarmál sem enginn vissi af og það var að hann var galdrakarl. Hann var ekki að kenna bekknum út af því að honum þætti vænt um krakkana heldur var það bara vegna þess að hann var að gera tilraun og hann vantaði nokkra krakka í tilraunina sína. Það var ein stelpa í bekknum hans sem hét Elísa. Henni þótti gaman að lita og teikna og hún var mjög klár. Hún átti tvær vinkonur sem hétu Vigdís og Sigurlína, þær þrjár voru bestu vinkonur.

Það var mánudagur, klukkan var orðin tvö og skólinn var búinn. Stelpurnar voru búnar að ákveða að hittast heima hjá Sigurlínu og mála sig. Svo kom kvöld og Elísa þurfti að fara heim. Hún fékk sér smá bita að borða, fór svo upp í rúm og aðeins í símann sinn og auðvitað á TikTok, eins og alltaf. Þar sá hún að Vigdís, Sigurlína og einhver önnur stelpa voru að gista saman.

Þá kom mamma hennar inn og sagði: „Farðu nú að sofa!!!“

Næsta dag fór Elísa í skólann en hún sá hvergi vinkonur sínar eða kennarann. Þá kom skólastjórinn inn og sagði:

„Hæ krakkar, gaman að sjá ykkur en í nótt gerðist hræðilegur atburður. Vigdís, Sigurlína og einhverri frænku



Sigurlínu var rænt svo þið megið fara heim. Það verður ekki skóli í dag og þið eigið helst bara að halda ykkur inni svo þið séuð örugg!!“

Elísa hljóp hágrátandi heim til sín og læsti sig inni í herbergi á meðan mamma hennar reyndi að opna og hughreysta hana. Tveimur klukktímum síðar settist hún við skrifborðið sitt og fór að hugsa, því hún ætlaði svo sannarlega að bjarga vinkonum sínum þótt það myndi kosta hana lífið. Það var komið kvöld og Elísa náði ekki að sofna en allt í einu datt henni dálítið í hug. Af hverju kom kennarinn ekki í skólann? Elísa fékk hroll og hugsaði: Hvað ef Baltasar rændi stelpunum? Nei, það getur ekki verið. Ég held bara áfram að rannsaka þetta á morgun.

Það var liðin ein vika og Elísa hafði ákveðið að brjótast inn í húsið hjá Baltasar klukkan þrjú. Elísa setti nokkra hluti sem hún þurfti í töskuna sína og þegar klukkan var orðin þrjú lagði hún af stað. Hún vissi að mamma hennar, pabbi og bróðir hennar sem var átta ára voru frammi að horfa á sjónvarpið svo hún ákvað að læsa hurðinni og troða sér út um gluggann. Þegar hún var komin út um gluggann athugaði hún hvort hún væri með allt sem hún þurfti í töskunni sinni en þar var sími, vasaljós, hamar, kodd og reipi.

Hún lagði af stað og nam staðar fyrir utan húsið hjá Baltasar. Hún sá hann í glugganum vera að lesa eitthvað.



Elísa sá annan glugga við hliðina og fór inn um hann. Þar sá hún fullt af galdrabókum og líka blað sem á stóð (TILRAUN 7. BEKKUR). Elísa varð hissa og ætlaði að taka blaðið þegar hún heyrði allt í einu einhvern vera að koma. Hún tók töskuna sína en vasaljósið datt úr töskunni og hún hafði engan tíma til að taka það upp. Svo stökk hún út um gluggann, hljóp heim til sín, tróð sér inn um gluggann sinn og kíkti í töskuna. Þá sá hún að hún hafði ekki náð blaðinu og yrði því að fara þangað aftur.

Allt í einu kallaði mamma hennar: „MATUR!!!“

Elísa fór fram í mat og mamma hennar spurði hvað hún hefði verið að gera og Elísa sagði: „Ég var bara að lita.“

Það var kjúklingur í kvöldmatinn hjá Elísu. Elísa ætlaði að fara snemma að sofa svo hún yrði hress fyrir plan tvö. Næsta dag vakti mamma hennar hana snemma og sagði að það væri kominn skóli. Elísa varð hissa en fór samt fram að græja sig. Mamma hennar fór með henni í skólann og Elísa spurði mömmu sína:

„Hvar er Baltasar?“

Mamma hennar svaraði: „Hann er örugglega bara lasinn!!!“

Þá sagði Elísa: „Í meira en eina viku?“

Þegar þær voru komnar í skólann tók ung kona sem hét Aðalrós á móti þeim og sagði að hún væri í staðinn fyrir Baltasar á meðan hann væri lasinn.



Elísa varð svo reið út í Baltasar að hún öskraði:
„BALTASAR ER RÆNINGINN!!!“

Mamma Elísu sagði: „VILTU GJÖRA SVO VEL AÐ
HÆTTA ÞESSU!“

Elísa varð miður sín út af þessu og baðst afsökunar.
Fyrsti tíminn var byrjaður og allir voru í stærðfræði, svo
kom náttúrufræði og svo frímínútur. Elísu langaði ekki að
fara út svo hún ákvað að vera bara inni í símanum sínum.
Allt í einu kom Perla sem var í bekknum hennar og spurði
hana hvort það væri allt í lagi.

Elísa svaraði henni: „JÁ!“

Svo sagði Perla: „Ég veit um leyndarmálið þitt.“

Elísa varð hissa og sagði: „Ha, hvað meinar þú?“

Þá sagði Perla: „Hittu mig í dag eftir skóla fyrir utan hjá
galdrakarlinum. Sjáumst klukkan tvö.“

Klukkan var orðin tvö og skólinn búinn, Elísa var á
leiðinni til Baltasars með töskuna sína þegar hún sá Perlu
fyrir utan. Hún hljóp til Perlu og þær ákváðu að fara inn
um sama glugga og Elísa fór inn um síðast. Þær tróðu sér
inn um hann og sáu þar bækur og allskonar dót. Elísa
sýndi Perlu dótið og tilraunir Baltasars og sagði:

„Hvað er þetta?“

„Þetta er mjög grunsamlegt!“ sagði Perla.

Perla og Elísa ákváðu að fara fram og gá hvort þær
gætu fundið eitthvað þegar þær heyrðu öskur. Þær voru
handvissar um að þetta væru stelpurnar. Perla og Elísa fóru



aðeins nær en allt í einu kom karlinn og tók þær. Hann sótti reipi og festi þær við stól inni í litlu herbergi. Síðan fór hann fram í stofu að horfa á sjónvarpið.

Þá sáu Perla og Elísa hinar stelpurnar. Þær voru líka bundnar fastar við stól í einu horni í herberginu. Sem betur fer límdi Baltasar ekki fyrir munninn á þeim svo þær gátu talað saman. Elísa fékk þá frábæru hugmynd, þegar hún sá brotna glerflösku á gólfinu, að ná í flöskuna og skera reipið. Hún felldi stólinn sinn og mundi þá að hún var með tösku. Hún færði töskuna til hliðar og náði í reipið sitt. Hún kastaði reipinu í áttina að flöskunni og náði einu broti úr flöskunni. Hún lét það duga og byrjaði að skera reipið. Á meðan hún hjálpaði vinkonum sínum var Baltasar galdrakarl að horfa á Simpsons og var með sjónvarpið svo hátt stillt að hann heyrði ekki neitt. Allar voru lausar og nú þurftu þær bara að ákveða hvernig þær ættu að komast burt. Elísa var með bestu hugmyndina því hún var svo klár.

Hugmyndin var að þegar klukkan yrði orðin fjögur um nótt myndu þær fara út. „Perla þú ferð inn á skrifstofuna hans að finna sönnunargögn, Vigdís þú ferð að leita út um allt hús að lykklunum og Sigurlína þú fylgist með Baltasar og lætur okkur vita ef hann vaknar, frænka þín líka. Á meðan sæki ég tilraunabókina hans. Við hittumst svo klukkan fimm hjá útidyrhurðinni.“

Þær lögðu allar af stað. Elísa fór inn í herbergið þar sem



Baltasar geymdi tilraunir sínar og leitaði að þeim. Perla fór inn á skrifstofu hans og leitaði þar. Sigurlína og frænka hennar biðu fyrir utan herbergi Baltasars og Vigdís fór út um allt hús að leita að lyklunum.

Allt í einu heyrðist í Sigurlínu kalla: „HANN ER VAKNAÐUR!!!“

Allar urðu hræddar og fóru að fela sig. Baltasar fór inn





í eldhús. Á meðan hann var þar laumaðist Vigdís inn í herbergið hans og kíkti ofan í náttborðsskúffuna og fann lyklana. Hún heyrði í Baltasar koma til baka og hafði engan tíma til að komast burt svo hún faldi sig á bak við hurð. Vigdís renndi lyklunum undir hurðina og Elísa tók á móti þeim og hljóp að útidyrhurðinni og opnaði. Þær voru frjálsar.


Þær voru með blöðin og voru svo glaðar en vissu samt að það þyrfti einhver að sækja Vigdísi. Elísa bauðst til að sækja hana. Hún bankaði á dyrnar að herberginu og Baltasar kom út. Fyrir framan hann var ruslatunna og Vigdís fékk frábæra hugmynd, hún ákvað að sparka í rassinn á honum svo hann myndi detta ofan í ruslatunnuna. Stelpurnar hjálpuðust síðan allar að og köstuðu Baltasar og ruslatunnunni út um útidyrnar.


Stelpurnar hlupu allar heim til Elísu og sögðu mömmu hennar og pabba frá. Mamma hennar og pabbi voru hágrátandi því þau voru svo áhyggjufull. Elísa sýndi mömmu sinni og pabba allt það sem þær höfðu fundið heima hjá Baltasar og þau fóru öll upp á lögreglustöð. Lögreglan fór heim til Baltasars og sá þar allt dótið hans. Hann var handtekinn og settur í fangelsi. Eftir þennan atburð hefur Elísa alltaf verið kölluð Elísa hin hugrakka.




Töfralandið

















Strákarnir eru settir í fangelsisklefa og læstir þar inni. En þeir ákveða að flýja eins fljótt og þeir geta og ætla að hittast í þorpinu.




Strákonum tekst að sleppa út. Þeir hlaupa í gegnum skóginn í átt að þorpinu. Þeir vita ekki hvaða leið á að fara en loksins finna þeir þorpið. Mikið verða þeir glaðir þegar þeir komast þangað en fatta fljótt að þeir þurfa að fela sig.





Þeir ná að grípa í trjágrein sem brotnar. Svo halda þeir áfram að fljóta niður ána að fossinum sem þeir falla niðurvíð með. Þeim tekst að stoppa á lítilli syllu og halda í smá stund að þeir séu sloppnir en þá renna þeir af syllunni, aftur út í fossinn og rotast. Þeir fljóta niður ána.

Hinum megin við ána birtist stelpa sem heitir Freyja.




34

Tom rankar við sér og sér að risaeðlan er komin aftur. Hann öskrar hátt: „AaAAA.“

Freyja lítur upp og grípur sveðjuna sína og ræðst gegn risaeðlunni.


Freyja drepur risaeðluna mjög snögglega. Að því loknu bítar hún eðluna niður, fer að gá að strákunum og gefur þeim risaeðlukjöt að borða.



Freyja segir strákunum frá því að hún sé búin að vera þarna lengi og hvernig hálsinn á henni hafi farið að lengjast vegna þess að þau eru stödd í röngum heimi þar sem efnin láta hálsinn lengjast. Um leið og hún er búin að segja þeim þetta byrjar hálsinn á þeim að lengjast. Freyja segir þeim að hún sé með bókina sem þau komast til baka í gegnum en hún þurfi fleiri með sér til að geta notað hana.

Strákarnir kunna töfraorðin og um leið og þeir segja þau opnast svarthol sem krakkarnir sogast inn í.







Krakkarnir eru í kjallaranum heima hjá Frey. Það er dimmt og þau eru lokuð þarna niðri.
„Heyrið, allir leita að leiðinni út,“ segir Tom.
Eftir smá stund finna þeir tröppur og leiðina út.





Loksins komast krakkarnir út, það er mikill léttir.

Um leið og þau koma út þá byrjar hálsinn á þeim að minnka og fljótlega verður Freyja eins og venjuleg stelpa.

Það er ekki gott að lesa töfraþulur upphátt ef maður finnur gamlar ævintýrabækur.





Sundferðin

Díana var ekki í góðu skapi, hún lá uppi í rúmi og þrýsti andlitinu í koddann, ógeðslega pirruð. Mamma hennar og pabbi voru alltaf svo ósanngjörn; hún ætlaði að fara með vinkonum sínum í Smáralindina á Pizza Hut og í bíó en foreldrar hennar sögðu henni að fara með Möggu, litlu systur sinni, í sund. Þetta var alltaf svona þegar hana langaði að gera eitthvað, þá var henni sagt að passa Möggu eða ryksuga eða gera bara eitthvað ömurlega leiðinlegt. Díana tók til sundfötin með fýlusvip og sagði Möggu að klæða sig. Síðan stukku þær af stað til að ná strætó.

Díana sat í heita pottinum og var að fylgjast með systur sinni þar sem hún lék sér í sundlauginni. Magga var í grunna hlutanum því hún var ekki nógu gömul til að vera ein í djúpu lauginni og Díana nennti sko ekki að leika við hana þar. Henni leiddist og hún vildi miklu frekar vera í Smáralindinni með vinkonum sínum en að hanga þarna og passa systur sína.

Allt í einu tók hún eftir þremur strákum sem komu út úr karlalefanum. Þeir gengu fram hjá henni og settust í hinn heita pottinn. Hún kannaðist við tvo af strákunum, þeir voru í sama skóla og hún en þann þriðja hafði hún aldrei séð áður. Hann var „gordjöss!“ Með stutt, svart hár og



rjóður í kinnum, grannur og stæltur. „Omægod, Omægod, Omægod!“ Hver er þetta, hann er svo sætur! ÍÍÍK! Hún starði á hann dreymin á svip, hún bara varð að fá að vita hver þetta var, hún hreinlega gat ekki tekið augun af honum.

Skyndilega heyrðust köll og hróp frá sundlauginni og hún sá sundlaugarvörðinn koma á harðahlaupum í átt að sundlauginni. Ó nei, Magga! hugsaði hún og rauk af stað. Hún kom að lauginni á sama tíma og verið var að draga Möggu, hóstandi og spýjandi vatni, upp úr lauginni. Hún hafði stolist til að fara þangað þegar Dána var ekki að fylgjast með, ósynd og með engan kút. Hvað ætli mamma hennar og pabbi myndu segja?

Þegar þær komu upp úr settust þær fyrir utan sundlaugina og fengu sér ís. Þá sá Dána strákana ganga fram hjá. Elías, annar af strákunum sem hún kannaðist við, veifaði til hennar. Hún veifaði vandræðalega til baka, annars hugar af því að hún gat bara ekki hætt að horfa á sæta strákinn sem var með honum. Hann leiddi hinn strákinn. Bíddu, bíddu, bíddu! LEIÐAST ÞEIR? AUÐVITAÐ! Þessi dagur varð bara verri og verri með hverju augnabliki. Gat verið að hann væri samkynhneigður!”

Daginn eftir kveið hún fyrir að fara í skólann af því að allir væru örugglega búnir að heyra af Möggu og hvernig hún klúðraði því að passa systur sína. Henni



fannst ógeðslega leiðinlegt að hún hafði ekki verið að fylgjast nógu vel með henni. Hún elskaði systur sína, þótt hún væri stundum fúl að þurfa að passa hana. Mamma hennar talaði við hana, útskýrði að slys geta gerst, að það sem skipti máli er að þetta endaði ekki illa, allir geti gert mistök og allir ættu að læra af þeim. Við þetta hresstist hún og fór í skólann.

Í frímínútunum kom Elías til hennar og spurði hvort ekki væri í lagi með systur hennar. Þau spjölluðu aðeins og hún tók eftir nokkru sem hún hafði aldrei spáð í áður; hann var með svo falleg dökkgræn augu og svo sætt bros og krúttlega rjóðar kinnar. Þau töluðu aðeins meira þangað til að Elías spurði, vandræðalega, hvort hún vildi koma með sér á „deit“ á Pizza Hut og svo í bíó í Smáralindinni. Díana brosti, hún var sko alveg til í það.

Þau hittust í Smáralindinni seinna þennan dag og fóru saman inn á Pizza Hut. Þar sátu þeir, strákarnir sem hún sá með Elíasi um helgina. Þau veifuðu til þeirra og Elías tók í höndina á henni. Kannski var þetta ekkert svo ömurleg sundferð eftir allt saman, hugsaði hún með sér og brosti til Elíasar, hann brosti til baka. Hann er jú náttúrlega miklu sætari!



Þvottaherbergið

Óskar var einn heima að spila tölvuleiki. Mamma hans, sem var dýralæknir, hafði nýlega farið á einhvern sérstakan fund. Það var föstudagur og klukkan var 11:13. Óskar var ekki í skólanum út af því að það var starfsdagur hjá kennurunum, þannig að hann átti frí allan daginn.

Þegar klukkan var orðin tólf sá hann út undan sér að hurðarhúnninn á lokaðri hurðinni hans vísaði niður, alveg eins og einhver væri að fara að opna. Óskar fraus.

„Mamma?“ sagði hann hljóðlega.

Þá sviptist hurðin upp. Honum brá rosalega mikið og hann datt aftur á bak í stólnum sínum. Óskar stóð upp og labbaði fram til að sjá hver þetta væri en varð hræddur þegar hann fattaði að þar var enginn, hann var aleinn heima. Eða það hélt hann. Hann sá að dyrnar á Þvottaherberginu voru opnar. Hann var næstum kominn að þeim þegar hann heyrði sagt fyrir innan:

„Náði þér!“ Þetta var móðir hans.

Honum var létt.

„Komdu og hjálpaðu mér með þvottinn,“ sagði hún.

„En ég hélt að þú værir á fundinum þínum?!“ sagði Óskar.

„Já, honum var sko frestað,“ sagði hún.

„En þú varst búin að tala um hann í heila viku. Af hverju var honum frestað?“ spurði hann.



„Ööööö ... sko, sonur stjórans datt af svölum og dó.
Hann er í uppnámi þannig að hann frestaði fundinum.“

„Ó nei! En sorglegt,“ sagði Óskar.

Svo sagði hún aftur: „Komdu og hjálpaðu mér með þvottinn.“

„Ne-hei! Ég ætla ekki að hjálpa þér með þvottinn ef þú ætlar að bregða mér og láta mig detta í stólnum mínum og meiða mig!“

Hún öskraði: „Gjörðu svo vel að koma og hjálpa mér með fjandans þvottinn!!!“

Þá fattaði Óskar að þetta var ekki móðir hans! Rödd hennar var allt í einu orðin djöfulleg. Hann gekk hægt aftur á bak án þess að taka augun af þvottaherbergishurðinni. Þá sá hann andlit, alveg hvítt andlit, líta á hann úr dyrunum. Svo kipptist andlitið til baka. Það heyrðist hlátur í börnum allt í kring um hann. Óskar bakkaði og var alveg kominn að svalahurðinni þegar vera kom út úr þvottaherberginu. Hún var mjög hávaxin, hvít og nakin. Hann öskraði og reyndi að opna svaladyrnar. Hann náði að komast út á svalir. Hann var á sjöundu hæð í blökkinni. Fyrir neðan var bílastæði svo hann vissi að hann gæti ekki hoppað niður. En veran byrjaði að hlaupa voða hratt í áttina til hans. Hann öskraði og honum brá svo mikið að hann datt aftur fyrir sig af svölunum. Hann lenti harkalega á bílastæðinu, dauður. Það lak blóð úr hausnum á honum og beinin voru brotin.



Veran leit niður af svölunum og brosti og labbaði aftur á bak inn í íbúðina, inn í þvottaherbergið ...

Tveimur klukkutímum síðar þegar móðir Óskars kom heim þá heyrði hún Óskar segja inni í þvottaherberginu: „Komdu mamma, þú þarft að hjálpa mér með þvottinn.“

Endir.



Rannsóknin

Einu sinni var stelpa sem hét Lilja. Lilju dreymdi um að verða yfirrannsóknarstjóri en alltaf þegar hún kom inn á lögreglustöðina var einhverjum ljótum orðum hreytt í hana og henni hent út.

Lilja var orðin 12 ára og henni fannst hún vera orðin nógu gömul til að búa til sitt eigið rannsóknarfélag. Í því voru: Gunnar, besti vinur hennar, leyninafnið hans var Prófessor. Ágústa, besta vinkona Lilju, leyninafnið hennar var Rektor. Og Lilja, með leyninafnið Stjóri.

Dag nokkurn um sumarið voru þau að hlusta á fréttirnar: „Í fréttum er helst að það er búið að ræna alla banka landsins og senda peningana til Bandaríkjanna. Ekki er vitað hver stendur á bak við ránið. Lögreglumenn vinna hörðum höndum við að leysa það.“

„Hvað getum við gert?“ spurði Rektorinn.

„Nú auðvitað leitum við að vísbendingum,“ sagði Stjórinn.

Pabbi Gunnars skutlaði þeim í Íslandsbanka.

„Við erum rannsóknarmenn og leitum að vísbendingum. Sáuð þið eitthvað grunsamlegt þetta kvöld sem atvikið átti sér stað?“ spurði Stjórinn.

„Hahahahahahaha,“ hló einhver að baki þeim.

Þau sneru sér við og sáu að það var Ísak borgarstjóri.




„Litlir krakkar eru að reyna að leysa ráðgátuna. Hahahahahahaha, farið frekar að kaupa ykkur ís,“ sagði hann og tók upp veskið sitt.

„Okkur langar ekkert í ís!“ sagði Prófessorinn.

Ísak rak þau út og sagði þeim að hætta þessu bulli. En þegar þau komu heim var Rektorinn með fréttir:

„Þegar Ísak tók upp veskið sitt sá ég að hann er með falsað ökuskírteini. Það var mynd af allt öðrum karli og búið að krassa nafnið hans Ísaks á skírteinið.“




Þetta var merkileg vísbending svo þau fóru inn á Vísi.is til að athuga hvenær næsti fundur með Ísaki yrði og hann var klukkan 19:30 um kvöldið. Prófessorinn var með áætlun. Þau hittust heima hjá Rektorum af því að þaðan var styst að labba á fundarstaðinn. Rétt áður en fundurinn byrjaði laumuðu þau raddupptökutæki inn um gluggann fyrir aftan blómapott.

Næsta dag náðu þau í upptökutækið og hlustuðu á fundinn. Í fréttunum daginn



áður hafði Ísak sagt að þau hefðu talað um ránið en ekkert hefði fundist enn. En í raddupptökunni sagði hann: „Næst stelum við úr skólum og spítölum! Og þegar peningurinn verður kominn til Bandaríkjanna verð ég forseti Bandaríkjanna vegna þess að ég á bandarískan pabba.“

Krakkarnir hringdu í lögregluna og sýndu þeim upptökuna. Ísak var sendur í fangelsi og börnin voru alltaf velkomin að hjálpa til í rannsóknamálum eftir þetta.





Dularfulla vikin























Það kom strákur sem heitir Jóhann og hann var að spyrja hvort hann mætti búa hjá okkur.

Þær sögðu „já, já,“ og þau fóru að sofa.

Þær voru að plana að fórna Jóhanni.










Pær fluttu á aðra eyju og byggðu annað tréhús.



Pær fóru að skreyta.




Fundu fullt af mat.



Og þær leyfðu engum að búa hjá sér.



Og lifðu hamingusamar til æviloka.



Köttur úti í mýri, setti upp á sér stýri, úti er ævintýri.






Sara kló

Það var stelpa sem hét Sara. Þegar hún var lítil var hún að leika sér og sá könguló. Sara tók köngulóna upp og fór að leika sér með hana. En köngulónni leist ekkert á Söru svo að hún beit hana. Allt í einu fékk Sara skrítna tilfinningu og hún hugsaði: Ég get gert góða hluti þótt mamma og pabbi séu þjófar. Mig langar til að verða góð manneskja! En mamma og pabbi munu aldrei leyfa það. Síðan þá hefur henni líka fundist gaman að klifra, hugsanlega út af bitinu.

Tíu árum seinna var hún orðin ofurhetja og mamma hennar og pabbi voru ekki ánægð. En eins og allar ofurhetjur þurfti Sara að velja sér ofurhetjunafn og hún valdi nafnið Sara kló.

Sara kló hefur bjargað borginni frá alls konar glæpum en nú í dag er komið að því að stöðva sjálfa glæpadrottninguna. Mamma og pabbi Söru vinna fyrir glæpadrottninguna svo að Sara þekkir planið þeirra. Sara leggur því af stað í átt að bankanum og sér glæpadrottninguna á leiðinni í bankann. Glæpadrottningin tekur sprengju og sprengir upp dyrnar ... KABÚM!!! Síðan labbar hún inn í bankann og lítur í kringum sig.

Sara felur sig en svo sér hún peningaskápin.



Hann er risastór. Glæpadrottningin gengur í áttina að peningaskápnunum, opnar hann og fer síðan inn í hann. Sara labbar rólega í áttina að henni. Þegar hún er komin nógu langt ætlar Sara að loka hana inni. En það tekst ekki og drottningin hleypur út úr skápnunum. Svo stekkur glæpadrottningin yfir Söru, tekur utan um hálsinn á henni og dregur upp byssuna.

„Hvað ert þú að gera, unga dama?“

„Um ... ekkert!“

„Varst þú að reyna að stöðva mig?“

Sara svarar því játandi.

„Það gekk illa hjá þér! Einhver síðustu orð?“


„Já, ég vil láta þig vita að það sem þú ert að gera er rangt!“

„Óóóóóóóóóóóó, ég veit það. Þess vegna er það svona gaman! Jæja, það er kominn tími til að þú deyr!“



„NEI!!!“ heyrist í mömmu Söru og pabba. „Þetta er dóttir okkar!“

Mamma rífur byssuna af glæpadrottningunni og pabbi losar dóttur sína og heldur drottningunni niðri við gólfið. Þau hringja svo í lögregluna og glæpadrottningin verður sett í fangelsi fyrir lífstíð. Mamma og pabbi eru svo stolt af dóttur sinni.



Eftir þetta ætla mamma hennar og pabbi að fá sér venjulega vinnu ... og hætta að stela.



Illir andar.is

Það var haust. Laufin strukust eftir gangstéttinni og fuku svo upp í dimman himininn. Inni í bláu húsi í borginni sat stelpa í leiðslu frá skjánum sem hún sat við. Hún var í miðjum hasar og spennu tölvuleik. Litla ljóstíran frá tölvunni var eina ljósið í öllu húsinu, enda var niðdimm nótt.

„Ooo, nei!“ hvísl- öskraði hún þegar hún tapaði. Stelpan vissi að hún yrði að hafa lágt, mamma og pabbi hennar máttu alls ekki vakna.

Allt í einu slokknaði á tölvuleiknum og á skjánum birtist drungaleg vefsíða. Illir andar.is stóð á vefsíðunni miðri.

„Hvaða bull!!“ sagði hún við sjálfa sig, hristi höfuðið og ætlaði að fara út af síðunni en sama hvað hún reyndi, tölvan var frosin.

Skyndilega byrjuðu að heyrast undarleg og lág hvísl í kringum hana sem hækkuðu æ meira. „Grenja, öskra, deyja, drepa, hrædd, þú ert hrædd.“

Stelpan stirðnaði upp og svitinn byrjaði að leka niður ennið. „Hv ... hver ertu?“ stamaði hún skjálfandi röddu.


Ekkert svar, bara þögn, þrúgandi þögn. En allt í einu byrjaði eitthvað að strjúkast við kinn hennar, síðan var



eins og einhverjar ískaldar, hrjúfar og langar krumlur læstust utan um háls hennar, hún var föst.

„Hjálp, einhver!“ reyndi hún að hrópa kæfðri röddu en það heyrðist bara lítið tíst. En hún dó ekki ráðalaus og lyfti fætinum upp og hrinti PlayStation fjarstýringunni niður á gólf með tilheyrandi skarkala. Svo vonaði hún bara að mamma hennar og pabbi myndu vakna og koma til hennar.

Skyndilega heyrði hún hávært og skerandi öskur og henni var snúið við í stólnum. Fyrirbærið sem hafði haldið henni fastri var greinilega alveg BRJÁLAÐ. Hún leit upp og sá hrikalega langt og hvítt andlit sem var eins og hauskúpa, nema miklu lengra og mjórra. Veran sveif. Búkurinn var nokkurskonar beinagrind hulin ljósbrúnu og ógeðslega skítugu sjali. Það eina sem komst inn í heila stelpunnar var: DRAUGUR! Þetta var svo ófrýnileg, ógeðfelld og hryllileg sjón að stelpa hneig niður og það leið yfir hana. Veran hló kuldalegum hlátri, lyfti stelpunni upp og sveif með hana út í hnausþykkt næturmyrkrið.





RISA STÓRAR smáSÖGUR

ISBN 987-9979-0-2691-4

Menntamálastofnun, KrakkaRÚV og *Sögur* – samtök um barnamenningu standa að verkefninu *Sögur*. Einn liður í verkefninu er að hvetja börn til lestrar og skapandi skrifa. Smásagnasamkeppni fór fram á vef KrakkaRÚV og voru 20 sögur, eftir 6-12 ára börn, valdar til útgáfu í þessa rafbók.

Dómnefnd: Bjarni Fritzson, Kjartan Már Ómarsson og Rut Ragnarsdóttir

Ritstjórn og ritun formála: Kristín Ragna Gunnarsdóttir rithöfundur og teiknari

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Útgefið 2021

Menntamálastofnun

Kópavogi

Öll réttindi áskilin



MENNTAMÁLASTOFNUN

40662